


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

9. apríl 2010 — 82. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## Ástandið hefur batnað

*Magnfríður Júlíusdóttir lektor heldur fyrirlestur um stöðu kvenna í Simbabve.*



tímamót 18

## Uppistandari í ham

*Rökkvi Vésteins skorar Dóra DNA á hólm í jújitsú.*



fólk 34



## Keflavík komið í 2-0

*Útlitið er orðið dökkt hjá Njarðvíkingum sem töpuðu á heimavelli fyrir Keflavík.*

íþróttir 30

## veðrið í dag




**MILT Í VEÐRI** Í dag verður suð-austlæg og austlæg átt, 10-15 m/s sunnan og vestan til en hægari vindur annars staðar. Rigning S-lands en úrkomusvæði teygir sig norður á bóginn er líður á daginn.

veður 4

# Ingibjörg Sólrún óttast ekki að verða dregin fyrir dóm

**Fyrrverandi utanríkisráðherra fékk að sjá fjórar síður úr væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. „Hinir vissu líklega meira en ég," segir Ingibjörg Sólrún. Telur sig ekki hafa getað gert betur sem ráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Fyrrum utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur fengið að sjá fjórar síður úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og segist næsta viss um að hún verði ekki sótt til saka samkvæmt stjórnsýslulögum eða lögum um ráðherraábyrgð. Í aðdraganda efnahagshrunsins hafi efnahags- og fjármál enda verið á borðum annarra ráðherra.

Þetta kemur fram í viðtali við Ingibjörgu á High North, heimasíðu þýsks blaðamanns hjá Focus og Financial Times en hann ræddi við fyrrum ráðherrann í vikunni.

„Það gætu orðið lagaflækjur, en það á ekki við um mig," segir Ingibjörg. Í viðtölum við rannsóknarnefndina hafi hún ekki getað upplýst um margt. „Sem utanríkisráðherra hafði ég ekki mikið á borðinu sem snerti fjármálageirann. Þetta var aðallega á borði forsætisráðherra sem bar almennt séð ábyrgð á efnahagsmálum og Seðlabankanum," segir Ingibjörg: „Einnig á borði viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðherra. Hinir vissu líklega mun meira en ég."

Ingibjörg segist ekki sjá neitt það sem hún hefði getað gert betur í ríkisstjórn í aðdraganda hrunsins. Þó hefði pólitískt séð átt að gera meiri kröfur til samstarfsflokksins í upphafi samstarfsins, svo sem um breytingar á stjórnsýslu. Það hafi verið mistök að telja Geir Haarde sjálfstæðan formann, en ekki fastan í skugga Davíðs Oddssonar.

Að ganga til ríkisstjórnarsamstarfsins hafi þó ekki verið mistök, því annars hefðu sjálfstæðismenn myndað stjórn með VG, sem hefði ekki verið betra: „Það er margt sem sameinar þessa flokka, til dæmis þjóðernishyggjan og andstaðan við Evrópusambandið," segir Ingibjörg, sem hefur miklar áhyggjur af vegferð Íslands í ESB. Enginn tali fyrir því að Ísland gangi inn, enda sé það ekki líklegt til vinsælda. Aðildin verði felld í þjóðaratkvæðagreiðslu.

- kóþ / sjá síðu 6



**FULLUR ÁHUGA** „Þetta var mjög sérstakt, eiginlega alveg magnað. Gleraugun og búnaðurinn allur mun vekja fólk til umhugsunar og stórbæta ökukennslu," segir Kristján L. Möller samgönguráðherra, sem í gær kynnti sér færanlegt forvarnahús Sjóvár sem nýta á til ökukennslu. Á meðan þess sem Kristján prófaði voru sérstök gleraugu sem líkja eftir því hvernig sjónin breytist eftir drykkju áfengis. Færanlega forvarnahúsið er sérinnréttaður vöruflutningabíll með tengivagni og getur hann flutt bíl, veltibíl og ýmsan annan búnað til ökukennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Andrea Brabin hjá Eskimo:

## Fyrirsætur gera það gott ytra

**FÓLK Íslenskar fyrirsætur hafa verið að gera það gott úti í hinum stóra tískuheimi og hafa meðal annars setið fyrir í auglýsingaherferðum fyrir Moschino og Diesel. „Þetta er stórt ítalskt tískuhús og allir sem komu að þessu voru þeir bestu í sínu fagi," segir Sif Ágústsdóttir um vinnu sína fyrir Moschino.**



ANDREA BRABIN

**Andrea Brabin, einn eigenda Eskimo, segir þennan árangur glæsilegan. „Þetta er virkilega góður árangur hjá þessum stúlkum því þetta er harður bransi og oft fleiri hundruð stúlkur sem fara í prufu fyrir sama verkefnið," segir hún.**

- sm / sjá síðu 34

Iðnaðarráðherra segir Alcoa hafa forskot, en að uppbygging skuli hefjast sem fyrst:

# Kínverjar kanna möguleika á álveri

**STÓRIÐJA** Fulltrúar kínversks álfyrirtækis eru væntanlegir til landsins í næstu viku. Þeir hafa hug á að reisa hér álver og munu meðal annars kynna sér aðstæður á Bakka við Húsavík.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða 180 þúsund tonna álver. Ekki sé um álbræðslu að ræða, heldur verði unnið úr álinu. Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður Fjárfestingarstofu, vill ekki staðfesta þetta. Hann segir um fyrstu heimsókn að ræða og ekkert fast í hendi.

„Hér kemur fjöldi manna í heimsókn og þeir eru út af fyrir sig að fara í gegnum Ísland sem hugsanlega staðfestingu fyrir álver," segir Þórður.

Alcoa hefur fyrirhugað álversbyggingu á Bakka, en ekkert hefur verið ákveðið með það. Viljayfirlýsing stjórnvalda og fyrirtækisins um byggingu álversins var ekki endurnýjuð í fyrra. Í sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum virkjana við Þeistareyki eru áhrif álvers á Bakka einnig metin.

Jean-Pierre Gilardeau, aðstoðarforstjóri Alcoa og stjórnarformaður Fjarðaáls, tilkynnti á fundi í iðnaðarráðuneytinu 16. október 2008, að engar ákvarðanir yrðu teknar um uppbygginguna álvers á Bakka næstu fjögur árin.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segist hafa heyrt af þessu, en hún var ekki orðin ráðherra þá. „Ég hef ekki rannsakað þetta, enda lít ég svo á að við höfum gefið þeim tíma til haustsins til að svara því hvort af þessu verður." Hún segir Alcoa hafa ótvírætt forskot á aðra og hafi unnið lengi að verkefninu. „Ég spyr þó ekki hvað fyrirtækið heitir heldur hve miklu það skilar inn í samfélagið og hvenær." Hún segir mikilvægt að skapa þær aðstæður að sem fyrst sé hægt að byggja upp í kringum Þeistareyki.

- kóp





Borðapantanir í síma 568 1907
eða pantanir@austursteikhus.is

AUSTUR STEIKHÚS
AUSTURSTRÆTI 7 · 101 REYKJAVÍK

Veljum framboð um Heiðarleika H-lista í vor

Borgarmálafélag F-lista

## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, sagðir þú honum ekki bara að pilla sér?*

„Já, það er einmitt þannig sem það var."

Sigurður Viðar Viggósson stökkti á flótta innbrotsþjófi sem veifaði hnífi í íbúð föður hans í Kópavogi og heimtaði róandi töflur.

Bankastjóri evrópska seðlabankans segir ólíklegt að Grikkland fari í þrot:

# Varasamt að hreyfa vextina

**VIÐSKIPTI** Bæði Seðlabanki Evrópu og Englands ákváðu í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum. Vextir Englandsbanka hafa um nokkurt skeið staðið í hálfu prósenti en evrópska seðlabankans í einu prósenti. Ákvörðunin kom ekki á óvart.

Fjármálasérfræðingar eru almennt sammála um að Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri evrópska seðlabankans, hyggist nýta sér óbreytt vaxtastig til að blása lífi í hagkerfi Evrópu. Þá taldi hann ólíklegt að gríska ríkið yrði gjaldþrota.

Bloomberg-fréttaveitan segir seðlabankastjórann í þröngri stöðu; hækki bankinn vextina geti hann spillt fyrir skuldabréfaútboði Grikkja. Talsverðar byrðar hvíla á herðum Grikkja enda þarf hið opinbera að afla sér 32 milljarða evra, jafnvirði 5.500 milljarða íslenskra króna, til að standa við skuldbindingar sínar á árinu. Þar af þarf það þriðjung fjárhæðarinnar fyrir lok maí.

Ef í nauðir rekur og Grikkjum tekst aðeins að afla hluta fjárins er ekki útilokað að ESB-ríkin komi til hjálpar ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Slík hugmynd var rædd á leiðtogafundi ESB í lok mars. - jab



**JEAN-CLAUDE TRICHET** Fjármálasérfræðingar segja stýrivaxtahækkun innan ESB koma Grikkjum illa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópskir þingmenn komnir:

# Hitta ráðherra og þingmenn

**STJÓRNMÁL** Andreas Schockenhoff, þingmaður kristilegra demókrata, og Pierre Lequiller, þingmaður UMP, stjórnarflokks Nicolas Sarkozy í Frakklandi eru staddir hérlendis og munu ræða við Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra og utanríkismálanefnd Alþingis.

Tilgangur heimsóknarinnar er að fá skýrari mynd af stöðu mála áður en aðildarviðræður við Evrópusambandið hefjast. - gb

Sáttavilji Pútíns í Katýnskógi:

# Sagði morðin hefndaraðgerð

**PÓLLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sýndi Pólverjum sáttavilja á miðvikudagskvöld með því að vera viðstaddur þegar minnismerki var vígt í Katýnskógi um fjöldamorð, sem rússneskir leyniþjónustumenn frömdu þar árið 1940.



**VLADIMÍR PÚTÍN**

Hann viðurkenndi að Jósef Stalín, einræðisherra Sovétríkjanna, hafi skipað fyrir um morðin. Alls féllu 22 þúsund Pólverjar fyrir hendi Rússa í Katýnskógi.

Fáeinum klukkustundum síðar gat Pútín þó ekki stillt sig um að segja fjöldamorðin að nokkru réttlætanleg vegna þess að Stalín hafi litið á þau sem hefndaraðgerð fyrir dauða 32 þúsund rússneskra hermanna í fangabúðum Pólverja árið 1920. - gb

Í átta mánaða fangelsi:

# Fótbraut mann með kylfu

**DÓMSMÁL Karlmaður sem fótbraut annan með hafnaboltakylfu sumarið 2008 hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir árásina. Þar af eru sex mánuðir skilorðsbundnir.**

**Tildrög árásarinnar voru þau að þolandinn hafði samþykkt að greiða fyrir bílkerru með kannabisefnum. Í stað kannabisefna lét hann árásarmanninn hafa pakkningu með grænu kryddi og stökk á flótta. Hann var þá eltur uppi og barinn.**

**Árásarmaðurinn hefur oftsinnis komist í kast við lögin. Refsing hans var milduð þar sem hann játaði hreinskilnislega. - sh**

# Aldrei auðveldara aðgengi að eldgosi

**Staðsetning og eðli eldgossins á Fimmvörðuhálsi, auk fjölgunar farartækja sem henta í torfærur, veldur því að metfjöldi leggur leið sína að gosinu. Íslendingar hafa þó alltaf sótt í eldgos, segir eldfjallafræðingurinn Ármann Höskuldsson.**

**FERÐAMENNSKA** Ásókn almennings í skoðunarferðir á slóðir eldgoss hefur aldrei verið meiri en að gosinu sem hófst á Fimmvörðuhálsi 20. mars síðastliðinn. Þetta skýrist einna helst af eðli gossins og betra aðgengi en áður hefur þekkst, að mati Ármanns Höskuldssonar eldfjallafræðings. Hann hefur fylgst með nokkrum eldgosum á Íslandi en man ekki eftir annarri eins umferð í nálægð við þau.

„Fólk hefur alltaf sótt í eldgos. Í Heklugosum er yfirleitt hraun mjög neðarlega þannig að fólk kemst í glóandi hraun, sem er auðvitað eftirsóknarverðast. En þarna kemstu náttúrlega alla leið upp eftir," segir Ármann.

Hann bendir á að hægt sé að sjá gosstrókana og hraunfossana tiltölulega langt að, auk þess sem ekki hafi í síðustu gosum verið hægt að nálgast gosið jafnmikið og nú. Þá sé gosið óvenjufallegt og standi lengur en síðustu gos.

Nokkrir hafi lagt leið sína að Grímsvötnum árið 2004 á jeppum. Gosið hafi hins vegar ekki verið eins áhorfendavænt og hafi þess utan staðið skemur, eða rétt um viku. „Og Heklugosin eru yfirleitt bara sjónarspil fyrsta klukkutímann og síðan dregur svo hratt úr því – eftir einn tvo daga er bara eitthvert puff uppi í fjalli og aðallega hraun sem rennur. Núna er hins vegar allt sem ýtir undir það að menn sjái meira," segir Ármann.

Farartækjaeign landsmanna hefur líklega sitt að segja, enda hefur hún rokið upp á síðastliðnum árum. Þannig fjölgaði skráðum snjósleðum á Íslandi um 60 prósent á árabilinu 1998 til 2008, og fjöldi skráðra fjórhjóla tuttugu og tvöfaldast. Þá hefur jeppaeign snaraukist. Til merkis um það seldust tæplega 12.800 jeppar af öllum stærðum á árunum 2000 til 2004, en um 27.100 á árunum 2004 til 2008.

Ármann áréttar þó að hann telji gosfárið nú ekki endilega mikið meira en var árið 2000, og bendir á í því samhengi að ein stærsta björgunaraðgerð Íslandssögunnar hafi þá verið framkvæmd þegar löng bílalest festist í Þrengslunum.

stigur@frettabladid.is



**ÝMIS TÆKI** Fólk hefur lagt leið sína að eldstöðvunum á ýmsum fararskjótum síðustu vikur – fjórhjólum, vélsleðum, jeppum og jafnvel vélhjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






**LEITAÐ Í SKRIÐUM** Mikið verk bíður borgarbúa. NORDICPHOTOS/AFP

Flóðin í rénun í Brasilíu:

# Meira en þrjú hundruð látnir

**BRASILÍA, AP** Yfir þrjú hundruð manns eru taldir hafa farist í vatnsflóðum og aurskriðum í Rio de Janeiro og nágrenni síðustu daga.

Óttast er að um tvö hundruð manns hafi látist í gær þegar heilt fátækrahverfi með um 50 húsum eyðilagðist í aurskriðum.

Búast má við að tala látinna hækki enn þegar björgunarfólk fer að grafa í húsarústum og aurnum sem rann yfir fátækrahverfin í bröttum hlíðum ofan við borgina.

Að minnsta kosti tvö þúsund manns þurftu að yfirgefa heimili sín vegna flóðanna í þessari næststærstu borg Brasilíu. - gb

Máli skiptir hvar fyllt er á bílinn:

# Kópavogsstöðvar oft ódýrari

**VERÐLAGSMÁL** Algengt verð á sjálfsafgreiðslustöðvum olíufélaganna á höfuðborgarsvæðinu er 207 til tæplega 210 krónur fyrir lítrann af 95 oktana bensíni, samkvæmt mælingum bensin.is í gær.

Ódýrast er bensínið í Kópavogi, 202,5 hjá Orkunni við Skemmuveg og 202,9 hjá N1 við Stórahjalla. Atlantsolía við Skemmuveg selur lítrann á 203,6 krónur.

Dísilolían er sömuleiðis ódýrust í Kópavogi hjá Orkunni og N1, kostar 201 til 202 krónur. - óká


Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0846


Jarðeðlisfræðingur segir hættu á að jeppaumferð eyðileggi Fimmvörðuháls:

# Stöðva verður umferð í vor

**ELDGOS** „Ef ekkert er að gert gæti umferð jeppa á gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi valdið umhverfisslysi. Það verður að girða fyrir bílaumferð utan jökuls þegar snjóa leysir," segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands og formaður Jöklarannsóknafélagsins. Lítlar breytingar urðu á gosinu í gær, að hans sögn.

Magnús bendir á að þrátt fyrir mikla umferð bíla í kringum gosið síðastliðnar þrjár vikur, stundum yfir hundrað á dag, bendi fátt til jarðrasks af þeirra völdum. Það geti breyst til hins verra fljótlega. Engir slóðar eru á hálsinum norðanverðum. Í leysingum verði svæðið erfitt yfirferðar og gætu jeppar sem fara utan jökulrandar valdið miklum spjöllum. Fáa bíla þarf til að búa til slóða. Í leysingum verða þeir ófærir og hætt við að nýir slóðar verði til. Af slíku verða mikil spjöll.

Magnús mælir með því að næsta sumari fari jeppaslóðin frá Skógum að skála Ferðafélagsins, Baldvinsskála. Þaðan sé stutt að fara að gosstöðvunum. „Á þessu svæði hafa ekki verið bílar áður og svæðið má ekki við skemmdum. Allir verða að taka saman höndum í vor og koma í veg fyrir að Fimmvörðuháls verði eyðilagður," segir hann. - jab



**ELDGOSIÐ Á FIMMVÖRÐUHÁLSI** Hætt er við miklu jarðraski verði ekki girt fyrir jeppaumferð við gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi, segir prófessor í jarðeðlisfræði við HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

# Meira en milljón hefur komið að skoða eldgosið



Frá því að eldgosið á Fimmvörðuhálsi hófst hefur almenningur hérlendis og erlendis getað fylgst með framvindu þess í beinni útsendingu á vef Mílu. Þrjár myndavélar okkar á Fimmvörðuhálsi, Þórólfsfelli og Valahnjúk fanga eldsumbrotin sem við sendum eftir strengjum okkar um víða veröld. Nú hefur meira en milljón manns heimsótt *mila.is*.

míla
*Lífæð samskipta*

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM41700

**GENGIÐ 08.04.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,35 | 128,97 |
| Sterlingspund | 195,30 | 196,24 |
| Evra | 170,85 | 171,81 |
| Dönsk króna | 22,948 | 23,082 |
| Norsk króna | 21,437 | 21,563 |
| Sænsk króna | 17,616 | 17,720 |
| Japanskt jen | 1,3812 | 1,3892 |
| SDR | 194,14 | 195,30 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

227,7405

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ferðaþjónustan segir gjaldskrárbreytingar taktlausar og illa tímasettar:

# Fyrirtækin bera allan kostnað

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) telja að flugfélögin þurfi að bera 400 milljóna króna kostnaðarhækkanir vegna nýlegra gjaldskrárbreytinga frá hendi samgönguráðherra. SAF gagnrýnir ekki síst að hækkanirnar taka gildi með svo stuttum fyrirvara að allur kostnaðurinn fellur á fyrirtækin og ekki er hægt að velta kostnaðinum á farþega.

Með nefndum gjaldskrárbreytingum hækkar flugverndargjald um 53 prósent. Nýtt farþegagjald nemur 150 krónum á hvern farþega og nýtt leiðarflugsgjald verður jafnframt lagt á en það reiknast eftir þyngd loftfars og lengd flugs. Lendingargjöld í innanlandsflugi hækka jafnframt um 25 prósent.




**FRÁ LEIFSSTÖÐ** Gagnrýni ferðaþjónustunnar snýr ekki síst að því hversu stuttan fyrirvara fyrirtækin fá til að bregðast við hækkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Milljónirnar 400 ganga annars vegar til Keflavíkurflugvallar og hins vegar til Flugstoða.

Gjaldskrárbreytingin tekur gildi eftir tvo mánuði. Langt er liðið á aðalsölutímabil sumarsins og SAF gagnrýnir að ekki sé tekið tillit til ábendinga um að gjalda- og skattaumhverfi greinarinnar verði að koma með góðum fyrirvara. Það séu mikil vonbrigði að samgönguráðherra hafi samþykkt þessa breytingu með svo stuttum fyrirvara, eins og segir í tilkynningu. **- shá**

Braust inn í leit að lyfjum:

## Ræningi játaði og var sleppt

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem braust inn í fjölbýlishús eldri borgara við Gullsmára í Kópavogi aðfaranótt miðvikudags vopnaður hnífi og leitaði þar að lyfjum var látinn laus í gær eftir yfirheyrslu.

Að sögn lögreglu í Kópavogi er málið rannsakað sem innbrot. Maðurinn var ekki talinn hættulegur, hann hafi sleppt hnífnum og sagst ekki vilja meiða neinn.

Ekki var talin forsenda til að óska eftir gæsluvarðhaldi eftir að hann játaði brot sitt greiðlega. **- pg**



**PIA KJÆRSGAARD** Hótar að svipta dönsku stjórnina stuðningi. NORDICPHOTOS/AFP

Pia Kjærsgaard óánægð:

## Vill að ríkisstjórnin vakni

**DANMÖRK** Pia Kjærsgaard, leiðtogi Danska þjóðarflokksins, hótar nú að svipta hægristjórn Íhaldsmanna og Venstre stuðningi sínum taki hún ekki að vinna af heilindum að þeim málum sem fyrir liggja.

„Það er kominn tími til að ríkisstjórnin vakni,“ segir hún og krefst þess að Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra og meðráðherrar hans sýni starfi sínu auðmýkt og fari að taka til hendinni. Óánægja hafi verið kraumandi lengi innan Danska þjóðarflokksins.

„Ef þau átta sig ekki nú á því að þetta er alvara, gera þau það aldrei,“ er haft eftir henni í dönskum fjölmiðlum. **- gb**

**AUSTURLAND**

### Þurftu að gista í Norrænu

Fjórtán farþegar sem komu til Seyðisfjarðar með Norrænu á þriðjudag urðu að gista í ferjunni vegna veðurs. Stórhríð var á Fjarðarheiði og ófært frá Seyðisfirði.

# Óvissa um golfstyrk vegna vanefnda GR

**Þó að Golfklúbbur Reykjavíkur hafi aðeins framkvæmt fyrir hluta af 210 milljóna króna styrk frá borginni er peningaleg staða GR neikvæð. Formaður borgarráðs segir nýjan samning verða endurskoðaðan hafi GR brotið fyrri samning.**

**FJÁRMÁL** „Ég ætla ekki að svara þessu á þessu stigi vegna þess að ég var beðinn um skýringar sem ég er að útbúa,“ segir Garðar Eyland, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur, um afdrif stórs hluta af 210 milljónum króna sem félagið fékk í styrk frá Reykjavíkurborg.

Í ársreikningi GR fyrir tímabilið 1. nóvember 2088 til 31. október 2009 er greint frá því að Reykjavíkurborg hafi á árinu 2006 gert samning við GR um 210 milljóna króna framkvæmdastyrk sem síðan hafi verið greiddur út á árunum 2007, 2008 og 2009. Fram kemur að styrkurinn hafi átt að renna upp í framkvæmdir fyrir 267 milljónir króna.

„Klúbburinn hefur ekki framkvæmt í samræmi við ákvæði samningsins á árunum 2008 og 2009 en fengið greitt samkvæmt honum,“ segir í skýrslu stjórnar í ársreikningnum. „Af þessum framkvæmdakostnaði hefur þegar verið ráðist í verkefni sem samsvarar 51 prósenti af áætluðum fjárfestingum. Klúbburinn hefur hins vegar fengið greitt allt framlagið,“ er ítrekað í ársreikningnum.

Sérstaka athygli vekur að þrátt fyrir að hafa ekki nýtt nema hluta af 210 milljóna króna styrk frá borginni í tilætlaðar framkvæmdir var peningaleg staða GR við lok áðurnefnds tímabils neikvæð um 61 milljón króna. Fénu virðist einfaldlega hafa verið varið í annað, til dæmis í að laga skuldastöðu félagsins. Eins og fyrr segir svarar framkvæmdastjóri félagsins ekki spurningum um þetta atriði að svo stöddu. Hann þvertekur þó fyrir að féð hafi runnið til rekstrar eða annars slíks hjá GR. Peningarnir séu hjá félaginu. „Við erum með þá í okkar vörslu, þessa peninga,“ segir Garðar Eyland.




**ATHAFNASVÆÐI GOLFKLÚBBS REYKJAVÍKUR** Vélageymsla sem byggja átti í fyrra er enn óbyggð en hefjast á handa á þessu ári, að sögn framkvæmdastjóra GR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgarstjórn samþykkti á þriðjudag að styrkja GR um 230 milljónir til viðbótar til að stækka völl félagsins á Korpúlfsstöðum. Vegna upplýsinganna úr ársskýrslu GR var hins vegar ákveðið í borgarráði í gær að innri endurskoðun borgarinnar og Íþrótta- og tómstundaráð færu ofan í saumana á málinu. Mun áðurnefnd greinargerð GR vera viðbrögð við þeirri kröfu.

Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, segir borgaryfirvöld fyrst hafa heyrt í gærmorgun að það kynni að vera að GR hafi ekki varið styrknum til þeirra verkefna sem til var ætlast. Nú sé verið að kanna það. „Ef Golfklúbbur Reykjavíkur hefur ekki staðið við sinn hluta af þeim samningum sem áður hafa verið gerðir milli borgarinnar og klúbbsins þá kallar það á endurskoðun þessa samnings sem núna er nýlega endurgerður,“ segir Óskar.

„Ef þetta reynist rétt, eins og framkomin gögn benda til, þá hlýtur borgarstjóri að verða að svara því hvernig það megi vera að það sé ekki gengið úr skugga um að þær framkvæmdir sem fyrri samningar voru um hefðu raunverulega farið fram áður en reiddar eru fram 230 milljónir í næsta vers,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar í borgarstjórn.

**gar@frettabladid.is**

Færa bílalán yfir í krónur:

## Vonast eftir samningum næstu daga

**STJÓRNSÝSLA Félagsmálaráðuneytið ræðir enn við fyrirtæki sem veittu bílalán í erlendri mynt um að þau flytji lánin yfir í verðtryggð lán í íslenskum krónum, með 15 prósent álagi.**

**Þetta mundi hafa í för með sér um það bil þriðjungs niðurfærslu á eftirstöðvum lána sem tekin voru í erlendri mynt á árunum 2006 og 2007.**

**Ingvi Örn Kristinsson, ráðgjafi félagsmálaráðherra, sagði Fréttablaðinu að hann vonaðist til að hægt yrði að ljúka samningum við einhver fyrirtækjanna næstu daga.** **- pg**

Bráðabirgðastjórn tekur við:

## Bakijev segist enn vera forseti

**KIRGISISTAN, AP** Kurmanbek Bakijev neitar að viðurkenna bráðabirgðastjórn stjórnarandstöðunnar í Kirgisistan og segist enn vera forseti landsins, þótt hann viðurkenni valdaleysi sitt.



**ROSA OTUNBAJEVA**

Bakiyev var hrakinn frá völdum í byltingu á miðvikudag og segist vera í felum í suðurhluta landsins.

Rosa Otunbajeva. fyrrverandi utanríkisráðherra og leiðtogi stjórnarandstöðunnar, segir að þingið hafi verið leyst upp og hún ætli að mynda bráðabirgðaríkisstjórn sem muni starfa í hálft ár. Þá verði haldnar kosningar. **- gb**

N1 Deildin 2009 - 2010

ÚRSLITAKEPPNIN HEFST

KONUR

Föstudagur

| | | |
|---|---|---|
| Vodafone höll | Valur - Haukar | 19:30 |
| Framhús | Fram - Stjarnan | 19:30 |


**VEÐURSPÁ**



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**VOR Í LOFTI?** Margir gleðjast yfir hlýnandi veðri þessa dagana. Fram undan eru mildir dagar með suðlægum áttum. Í dag má búast við rigningu S- og V-lands og síðdegis eða í kvöld fer að rigna lítillega í öðrum landshlutum. Hiti verður ofan frostmarks í byggð.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 17° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 17° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 10° |
| París | 16° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

KJÚKLINGA BRINGUR 1.817 kr/kg.

Merkt verð 2.995.-

# GRÁÐOSTA- OG VALHNETUFYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ KORNASINNEPSSÓSU fyrir 4

*að hætti Rikku*

4 kjúklingabringur
Salt og nýmalaður pipar
50 g gráðostakurl
50 g valhnetur, saxaðar
4 tannstönglar
1 msk ólífuolía

SÓSA
1 msk olífuolía
2 skalottlaukar
125 ml hvítvín
2 msk kornasinnep
1 dós 5% sýrður rjómi
100 ml maizena rjómi 7%
1 kjúklingakraftsteningur
Salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 180° C. Blandið gráðosti og valhnetum saman í skál. Skerið vasa í kjúklingabringurnar og kryddið með salti og pipar. Fyllið vasana með rúmlega 1 msk af gráðosti og valhnetum og lokið fyrir með tannstöngli. Hitið ólífuolíu á meðalheitri pönnu og brúnið kjúklingabringurnar í 3-4 mínútur á hvorri hlið. Raðið bringunum í eldfast mót og bakið í 30 mínútur.
Hellið ólífuolíunni út á pönnuna og steikið skalottlaukana þar til að þeir verða mjúkir í gegn, hellið hvítvíninu yfir og látið það sjóða niður í 2 mínútur. Bætið þá afgangnum af hráefninu yfir og látið malla þar til að kjúklingabringurnar eru tilbúnar. Kryddið sósuna með salti og pipar. Berið kjúklingabringurnar fram með kartöflum og fersku salati.

Kkal: 703 / 35 % RDA
Prótín: 32.8 g/ 66% RDA
Fita: 46 g/ 71% RDA
Kolvetni: 41 g/ 14% RDA
Fosfór: 560 mg/ 56% RDA
Kalk: 196 mg/ 20% RDA
Járn: 3.1 mg/ 17% RDA
* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

1.817 kr/kg.
Merkt verð 2.995.-

**Kjúklingalundir**
ferskar




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

559 kr/kg.
Merkt verð 798.-

**Kjúklingaleggir**
ferskir




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

2.918 kr/kg.
Merkt verð 4.168.-

**Lambafile VSOP**
með fitu



TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

594 kr/pk.
Merkt verð 849.-

**Siggi sterki 2 hamborgarar**
175g, m/ brauði, BBQ sósu og osti

matur fyrir 4




+




## TILBOÐ

4 ungnauta hamborgarar m/brauði og 1 pk af Cavendish frönskum

998 kr.

Verð áður 1.347.-




16" PIZZUR FERSKAR 998 kr/stk.



RISABRAUÐ 1 KG. 199 kr/stk.




EUROSHOPPER BLEIUR 1.599 kr/pk.




NEUTRAL 2 KG ÞVOTTADUFT 699 kr/pk.



JÓI FEL PIZZADEIG 299 kr/stk.




NIZZA SÚKKULAÐI 99 kr/stk.




NÝBAKAÐ KORNBRAUÐ 259 kr/stk.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 11. apríl á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú skoðað eldgosið á Fimmvörðuhálsi í vefmyndavél-um Mílu?*

| | |
|---|---|
| Já | 57,7% |
| Nei | 42,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú fyrrum eigendur Glitnis hafa misnotað bankann fyrir hrun?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Nefnd rannsaki verklag og ákvarðanatöku bankanna frá hruni til ársloka 2009:

# Upplýst verði um lánaafskriftir

**ALÞINGI** Skipa á nefnd til að rannsaka verklag og ákvarðanatöku fjármálafyrirtækja frá hruninu haustið 2008 og til ársloka 2009, samkvæmt frumvarpi sem Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokki, og tíu aðrir þingmenn flytja.

Í frumvarpinu segir meðal annars að nefndin eigi að eyða tortryggni og grunsemdum um óeðlileg vinnubrögð innan fjármálastofnana og leggja mat á hvort mistök, mismunun eða óeðlilegir starfshættir hafi átt sér stað.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Í greinargerð er bent á að ekkert eftirlit hafi verið með verklagi og ákvarðanatöku fjármálafyrirtækja frá hruni til ársloka 2009 en þá tók til starfa sérstök eftirlitsnefnd þar um.

„Ýmsar sögusagnir hafa gengið um ósamræmd og ógagnsæ vinnubrögð og hafa margir leitt að því líkur að fjármálafyrirtæki hafi mismunað viðskiptavinum sínum og hvorki hugað að samkeppnissjónarmiðum né jafnræðissjónarmiðum,“ segir í greinargerðinni. Þessu hafi fjármálafyrirtækin vísað á bug.

Fram kemur að nefndin, sem á að vera skipuð hæstaréttardómara auk tveggja sérfræðinga, skuli huga sérstaklega að því, með almannahagsmuni að leiðarljósi, að birta í skýrslu sinni upplýsingar um hvaða aðilar hafi fengið felldar niður skuldir sínar við fjármálafyrirtæki. **- bþs**

Karzai dregur í land:

# Hafði aldrei uppi hótanir

**AFGANISTAN, AP Hamid Karzai, forseti Afganistans, hótaði því aldrei að ganga til liðs við talibanahreyfinguna, segir Waheed Omar, talsmaður forsetans.**

**Hann segir ekkert hæft í fullyrðingum þingmanna um slíkar hótanir. Hann sagði Karzai enn sem áður staðráðinn í að halda áfram baráttunni gegn uppreisnarhreyfingu talibana.**

**Hins vegar sagði Omar forsetann standa við gagnrýni sína á erlendan þrýsting vegna forsetakosninganna á síðasta ári.** **- gb**


UMHVERFISSTOFNUN

Ársfundur Umhverfisstofnunar

Umhverfisgæði & náttúruauðlindir

Fundurinn er haldinn í dag, 9. apríl, á Grand Hóteli og hefst klukkan 13:00

Allir velkomnir

Dagskrá ársfundarins

13:00 Setning ársfundar
13:05 Ávarp umhverfisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur
13:15 Umhverfisgæði og náttúruauðlindir, Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri
13: 30 Nils Hallberg frá sænsku Umhverfisstofnuninni: Fugla- og búsvæðatilskipun ESB í Svíþjóð. Getur löggjöf ESB styrkt náttúruvernd á Íslandi?
14:00 – 14:40
» Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi
» Heilnæmi laugarvatns og öryggi á sundstöðum
» Hættuleg efni í umhverfi okkar
» Losun mengandi efna
» Gögn sem koma að gagni
» Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull - saga og jökull
» Friðlýsingar: Hindrun eða tækifæri?
» Aðgerðir gegn akstri utan vega
14:40 Kaffi
15:10 – 15:45
» Breytingar á veiðikortakerfinu
» Upplýsingar á friðlýstum svæðum: Merkilegt samstarf
» Saman um vatnið
» Vákort af N-Atlantshafi: Hættur og viðbrögð
» Erfðabreyttar lífverur og samfélagið
» Urðað í sátt við umhverfið
» Svansmerkt - Betra fyrir umhverfið og heilsuna
15:45 Umræður
16:00 Ársfundi slitið

Fundarstjóri er Þórunn Sveinbjarnardóttir


# Frestur væri bestur á aðildarviðræðum

**Fyrrum utanríkisráðherra er ósáttur við þá leið sem Íslendingar fara að hugsanlegri ESB-aðild. Enginn sé að berjast fyrir inngöngu í sambandið og ólíklegt að aðildarumsókn verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslendingar þurfa að gera upp hug sinn og ákveða hvar þeir vilja vera í samfélagi þjóða. Það væri jafnvel betra að fresta yfirstandandi viðræðum við ESB en að halda þeim áfram í óvissu um hvert sé stefnt.

Þetta segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrum utanríkisráðherra, í viðtali við Clemens Bomsdorf, blaðamann þýska Financial Times, sem birtist í gær á netsíðu hans, High North.

Blaðamaðurinn spyr Ingibjörgu hvernig hún meti líkindi þess að Ísland gangi í Evrópusambandið.

„Ég veit það ekki. Ég held að það verði ekki samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta gæti breyst, en þá þurfum við einhvern til að berjast fyrir inngöngu. Það er enginn að því núna. Af hverju veit ég ekki. Kannski eru þau hrædd við að taka umræðuna því almenningsálitið er svolítið á móti öllu sem erlent er. Útlendingar eru vondu gæjarnir um þessar mundir. Að tala fyrir meiri samvinnu við ESB er ekki líklegt til vinsælda,“ segir Ingibjörg. Hún nefnir að ekki sé meirihluti fyrir aðild á Alþingi.

Misheppnaður Evrópuleiðangur og einangrun landsins sé það sem hún hafi mestar áhyggjur af og hugsi um daglega. Yngri kynslóðin og „besta fólkið okkar“ muni ekki telja það góðan kost að búa á einangruðu Íslandi.

„Í gegnum aldirnar hefur okkur ávallt farnast best í samvinnu við önnur lönd,“ segir hún.

Í stað þess að skilgreina hagsmuni landsins og rækja samband við alla bandamenn sína séu Íslendingar „að gera þetta mjög illa. Við erum að stofna til slagsmála á hverjum vettvangi og ég held að það sé rangt. Við erum lítið land sem þarf á bandamönnum að halda,“ segir hún. Kjánalega hafi til að mynda verið farið með sambandið við Bandaríkjamenn, allar götur síðan um aldamót. Þrjóska hafi einkennt þau samskipti. Íslendingar hafi krafist þess að fjórar



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Fyrrum utanríkisráðherra hefur miklar áhyggjur af því að landið sé að einangrast og telur allra mikilvægast að ákveðið verði hvar landið eigi að standa meðal annarra þjóða. Einhver þurfi að koma fram og tala með ESB-aðild. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þotur skyldu vera á landinu, þegar öllum mátti vera ljóst að það þjónaði engum tilgangi.

Ingibjörg Sólrún hafnar því að velja skuli eina þjóð, svo sem Þýskaland eða Noreg, sem sérstaka vinaþjóð, komi það niður á sambandinu við aðrar þjóðir. Jafnvel hagsmunir Norðmanna geti verið andstæðir íslenskum. **klemens@frettabladid.is**


Stefnumótunarfundur í Valhöll

Laugardaginn 10. apríl nk. kl. 10 – 14

Fundurinn er undir stjórn tveggja málefnanefnda Sjálfstæðisflokksins; atvinnumálanefndar og efnahags- og skattanefndar.

Í upphafi fundar verður rætt um hvað hægt er að gera á næstu tveimur árum og síðan horft lengra til framtíðar.

Skipt verður upp í eftirfarandi hópa og hópstjóra:

1. Peningamálastefna – Benedikt Jóhannesson
2. Stefna í gjaldmiðlamálum – Eyþór Arnalds
3. Umgjörðin um atvinnulífið – Þorsteinn Víglundsson
4. Skattastefna – einstaklingar – Sigríður Dís Guðjónsdóttir
5. Skuldavandi heimila – Erla Ósk Ásgeirsdóttir
6. Endurreisn atvinnulífs – Thomas Möller
7. Hagræðing í opinberum rekstri – Magnea Guðmundsdóttir

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins munu taka virkan þátt í starfi hópanna.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, leiðtogi sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi og varaformaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, mun flytja ræðu við upphaf fundarins.

Skráning á fundinn og í hópa er hjá Guðmundi Skarphéðinssyni á netfangið gudmundur@xd.is og í síma 892-1846.

Allir eru velkomnir til að taka þátt í stefnumótun þessara málaflokka hjá Sjálfstæðisflokknum.

× D


Koma á í veg fyrir auglýsingar happdrætta sem ekki hafa leyfi samkvæmt lögum:

# Girt fyrir erlendar veðmálaauglýsingar

**ALÞINGI** Nauðsynlegt er að sporna við aukningu á ólöglegri happdrættis- og veðmálastarfsemi hér á landi í gegnum netið. Þetta er mat Rögnu Árnadóttur, dóms- og mannréttindaráðherra, sem lagt hefur fram frumvarp sem girða á fyrir auglýsingar erlendra happdrætta hérlendis.

Til happdrætta teljast fjárhættuspil og veðmál ýmiss konar, samkvæmt lögum um happdrætti.

Frumvarpið lætur lítið yfir sér. Aðeins bætast tíu orð við gildandi lagaákvæði sem snýst um bann við að auglýsa, kynna eða miðla upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögunum. Viðbótin tekur til starfsemi sem rekin er erlendis.

Á síðasta ári féll sýknudómur í Hæstarétti í máli sem höfðað var vegna auglýsinga erlenda veðmálafyrirtækisins betsson.com. Úrskurðurinn var á því að fyrirtækið hefði ekki leyfi til starfseminnar en þar sem það var erlent töldust auglýsingarnar ekki brjóta í bága við lögin. Við þessu ætlar ráðherra að bregðast.

Í athugasemdum frumvarpsins segir að á síðustu árum hafi þátttaka í fjárhættuspilum og veðmálum á netinu aukist. Einkum sé um að ræða veðmálafyrirtæki sem staðsett séu erlendis og visti netsíður



**RAGNA ÁRNADÓTTIR** Dómsmála- og mannréttindaráðherra segir nauðsynlegt að sporna við aukningu á ólöglegri happdrættis- og veðmálastarfsemi hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sínar erlendis. Í mörgum tilvikum sé í raun um að ræða veðmálastarfsemi sem sérstaklega sé beint að íslenskum ríkisborgurum, meðal annars með auglýsingum sem birtar eru í íslenskum fjölmiðlum, þar á meðal á vefsíðum. **- bþs**

# FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM



## FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION KOMIN AFTUR.

## SÍÐASTA SENDING KLÁRAÐIST Á METTÍMA!

**ERGOMOTION 400**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 676.432 kr.
**NÚ 541.146 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**

### ERGOMOTION 400 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysis-stöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.

**ERGOMOTION 100**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 503.698 kr.
**NÚ 402.958 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**

### ERGOMOTION 100 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.

**ERGOMOTION ERGOSPORT**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Verð 396.000 kr.
**NÚ 316.800 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**

### ERGOMOTION ERGOSPORT

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrýstijöfnunardýna sem er fáanleg er í dag fylgir botninum.

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRÐIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR ÞAU.

## FERMINGARTILBOÐ

## 30% AFSLÁTTUR!

**AMELIA**
(135x203)
Verð 142.500 kr.
FERMINGARTILBOÐ
**99.750 kr.**

**AMELIA**
(97x203)
Verð 132.267 kr.
FERMINGARTILBOÐ
**92.586 kr.**

**COMFORT ZONE**
(97x200)
Verð 151.647 kr.
FERMINGARTILBOÐ
**106.152 kr.**

**COMFORT ZONE**
(120x200)
Verð 179.833 kr.
FERMINGARTILBOÐ
**125.883 kr.**

### COMFORT ZONE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- þrýstijöfnunarsvampiur í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

ARGH! 110310

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Skaðabótakrafa skilanefndar Glitnis

# Segja eigendavaldi beitt til að fá lán

**Jón Ásgeir Jóhannesson og Pálmi Haraldsson högnuðust um einn milljarð króna hvor á því að láta Glitni lána félagi Pálma sex milljarða, samkvæmt stefnu skilanefndar. Þeir hafna því báðir að hafa hagnast á láninu. Skilanefndin segir starfsmenn hafa farið á svig við reglur.**

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson og Pálmi Haraldsson, sem saman áttu ráðandi hlut í Glitni fyrir hrun, eru sakaðir um að hafa stýrt stjórnendum bankans til að veita félagi í eigu Pálma lán, samkvæmt stefnu skilanefndar Glitnis á hendur þeim og fyrrum stjórnendum hjá bankanum.

Í stefnunni er því haldið fram að Jón Ásgeir og Pálmi hafi hagnast um einn milljarð króna hvor með þessari lánveitingu. Með lánveitingunni var farið á svig við lánareglur bankans, segir í stefnunni.

Pálmi segir í yfirlýsingu að stefnan sé með öllu tilefnislaus, og sýnt verði fram á það í dómsal.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur skilanefnd Glitnis stefnt þeim Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Pálma Haraldssyni, sem áttu í gegnum félög sín ráðandi hlut í Glitni þegar bankinn lánaði félagi Pálma sex milljarða króna. Þá hefur skilanefndin stefnt Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, sem og þremur lykilstarfsmönnum bankans.



PÁLMI HARALDSSON

Skilanefndin krefur sexmenningana saman um sex milljarða króna skaðabætur. Þeim Jóni Ásgeiri og Pálma er gefið að sök að hafa valdið Glitni fjártjóni með saknæmum og ólögmætum hætti með því að stýra starfsmönnum bankans þegar þeir lánuðu félagi Pálma milljarðana sex. Tilgangur þeirra hafi verið að ná undir sig persónulega þriðjungi lánsins, tveimur milljörðum króna.

Telur skilanefndin að með því hafi þeir Jón Ásgeir og Pálmi misbeitt því valdi sem fólst í því að eiga ráðandi hlut í bankanum.

Í yfirlýsingu sem Pálmi sendi fjölmiðlum í gær kemur fram að rangt sé að hann hafi náð einum milljarði króna út úr Glitni fyrir sig persónulega, eins og haldið sé fram í stefnu skilanefndarinnar.

„Ég hagnaðist ekki persónulega á þessum viðskiptum, heldur var einn milljarður notaður til að greiða inn á lán Fons hf. við Kaupthing Bank í Luxembourg,“ segir í yfirlýsingunni. Það hefði skiptastjórn Glitnis getað séð svart á hvítu í bókhaldi Fons. Það sé tiltækt hjá bústjóra Fons, sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta.

Lárus Welding og fyrrum samstarfsmenn hans eru sakaðir um að hafa brotið gróflega gegn starfsskyldum sínum með því að hafa veitt lánið. Því hefur Lárus hafnað í yfirlýsingu til fjölmiðla.

Starfsmennirnir eru í stefnu skilanefndarinnar sagðir hafa farið á svig við lánareglur bankans, vitandi að lántakinn væri ógjaldfær, og tryggingar fyrir láninu ónógar.

Þá er Lárus sagður hafa brotið gegn reglum um fjármálafyrirtæki með því að hafa farið eftir ólögmætum fyrirmælum Jóns Ásgeirs og Pálma. Er einnig vísað til þess að Lárus hafi brotið gegn hegningarlögum með því að misnota aðstöðu sína sem forstjóri bankans og formaður áhættunefndar og sett bankann í stórfellda fjártjónshættu.

brjann@frettabladid.is

## Ekki rannsakað

Sérstakur saksóknari hefur ekki hafið rannsókn á sex milljarða króna lánveitingu frá Glitni, né ákveðið að hefja slíka rannsókn. Lánveitingin varð kveikjan að skaðabótamáli skilanefndar Glitnis á hendur fyrrverandi eigendum og stjórnendum bankans.



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

„Við erum ekki með formlegt mál opið, en það kann að vera að það verði síðar,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins. Hann segir að skilanefndum beri að gera viðvart um meinta refsinæma háttsemi, en skilanefnd Glitnis hafi ekki sent þetta tiltekna mál til embættisins.

Jón Ásgeir Jóhanneson segist ekki hafa hagnast persónulega á sex milljarða króna láni Glitnis til Fons:

# Stefnir skilanefnd fyrir ærumeiðingar

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, einn þeirra sem skilanefnd Glitnis hefur stefnt til greiðslu sex milljarða króna skaðabóta, ætlar að stefna skilanefndinni fyrir ærumeiðandi aðdróttanir sem fram koma í stefnu hennar og fyrir að hafa vísvitandi breytt tölvugögnum.

„Þessi stefna virðist eingöngu hafa það markmið að vera mannorðsmeiðandi,“ segir Jón í samtali við Fréttablaðið. Hann ætlar að krefjast þess að stefnunni verði vísað frá dómi, enda sé hún uppfull af rangindum.

Jón segir enga tilviljun að stefnan komi fram núna. Hún komi vísvitandi fram þegar stutt sé í birtingu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir hrunsins.

Jón þvertekur fyrir að hafa hagnast persónulega á láni Glitnis til Fons, félags Pálma Haraldssonar. Hann segir að tjón Glitnis hefði aldrei geta orðið sex milljarðar króna þrátt fyrir að bankinn hafi lánað Fons þá upphæð, 4,8 milljarðar af láninu hafi aldrei farið út úr Glitni, heldur hafi verið notaðir til að greiða upp skuldir. Einn milljarð hafi Pálmi notað til að greiða upp skuld við Kaupþing í Lúxemborg.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Í stefnunni er vitnað í tölvupóst Jóns til Lárusar Welding, bankastjóra Glitnis. Þar ýtir Jón á eftir því að málum sé lokið, og segir að lokum: „Annars er kannski best að ég verði starfandi stjórnarformaður [Glitnis banka].“

Jón þvertekur fyrir að hann hafi með þessu verið að hóta Lárusi, og segir þessa setningu hafa verið grín. Það hafi verið augljóst á tölvupóstinum, enda broskarl fyrir aftan ummælin.

Broskarlinn hafi hins vegar verið klipptur út í stefnu Glitnis til að gera setninguna tortryggilega.

Lán Glitnis til Fons var lánað áfram, og notað til að kaupa hlut Fons í breska skartgripafyrirtækinu Aurum Holding Limited. Jón Ásgeir hafnar því algerlega sem fram kemur í stefnunni að fyrirtækið Aurum hafi ekki verið sex milljarða króna virði. Hann vísar til verðmats Capacent á fyrirtækinu því til staðfestingar. Þá hafi tilboð upp á sex milljarða komið frá fyrirtæki í Dubaí.

Þess ber að geta að Jón Ásgeir er eiginmaður Ingibjargar Pálmadóttur, aðaleiganda fjölmiðlafyrirtækisins 365, sem gefur meðal annars út Fréttablaðið.

- bj

## Skoða skaðabótaskyldu stjórnenda

Slitastjórn Kaupþings hefur ekki tekið ákvörðun um höfðun skaðabótamála á hendur æðstu stjórnendum og helstu eigendum Kaupþings fyrir hrunið, en er með þau mál til rannsóknar eins og önnur, segir Ólafur Garðarsson, sem sæti á í slitastjórninni.

Ólafur segir að viðamikil rannsókn sé í gangi, bæði hjá slitastjórninni og skilanefndinni. Þar sé nokkur fjöldi mála undir. Í kjölfarið verður væntanlega farið með einhver atriði fyrir dómstóla, sér í lagi til að rifta ýmsum samningum sem gerðir voru skömmu fyrir hrun.

Ólafur segir fyrstu riftunarmálin væntanlega líta dagsins ljós í apríl eða maí, en lengra geti verið í ákvörðun um málshöfðun á hendur fyrrverandi stjórnendum og eigendum bankans.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er rannsókn í gangi hjá skilanefnd Landsbankans, en engin skaðabótamál hafa enn verið höfðuð.




Fiton/SIA

N1

ÚRSLITAKEPPNIN ER AÐ HEFJAST

HÁPUNKTURINN Í HANDBOLTANUM

N1 minnir á hápunkt handboltavertíðarinnar. Missið ekki af æsispennandi leikjum í úrslitakeppni N1 deildar kvenna á næstu dögum.

Föstudag kl. 19:30
Valur - Haukar (Vodafonehöllinni)
Fram – Stjarnan (Framhúsinu)

Sunnudag kl. 16:00
Haukar – Valur (Ásvöllum)
Stjarnan – Fram (Mýrinni)

Miðvikudag kl. 19:30
Valur - Haukar (Vodafonehöllinni)
Fram – Stjarnan (Framhúsinu)

N1 DEILDIN

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



**35% afsláttur**

## KJÚKLINGUR
HEILL

**499** kr/kg
áður 768 kr/kg

# *Velkomin í Nettó*

### UNGNAUTAHAKK


**28% afsláttur**

**899** kr/kg
áður 1.249 kr/kg

### LAMBALÆRISSNEIÐAR BBQ, LAMBALÆRISSNEIÐAR & LAMBAKÓTILETTUR
GRILL




**30% afsláttur**

**1.989** kr/kg
áður 2.842 kr/kg

### LAMBALÆRISSNEIÐAR, LAMBASNITSEL & LAMBAKÓTILETTUR
Í RASPI, FERSKT



**30% afsláttur**

**1.399** kr/kg
áður 1.998 kr/kg

### GRÍSAKÓTILETTUR
HUNANGSLEGNAR OG LÉTTREYKTAR




**30% afsláttur**

**1.469** kr/kg
áður 2.098 kr/kg

### GRILLBORGARAR
ÁN BRAUÐA
4 stk.



**30% afsláttur**

**349** kr/pk
áður 498 kr/pk

### HUNANGSMELÓNA


**50% afsláttur**

**149** kr/kg
áður 298 kr/kg

### NÓA BANANASPRENGJUÍS, NÓA PIPPÍS & NÓA TROMPÍS
0,5 ltr




**46% afsláttur**

**296** kr/pk
áður 549 kr/pk

### HM FÓTBOLTAMYNDIR



**239** kr/pk

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 8. - 11. apríl eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

FYRIR VANDLÁTA




Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

74.900
FULLT VERÐ 90.800

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á TILBOÐI



Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft...


Alan Greenspan ver gerðir sínar fyrir bandarískri þingnefnd:

# Kennir flestum öðrum um

**BANDARÍKIN, AP** Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, segir að lágvaxtastefna bankans hafi ekki hvatt lánastofnanir til að veita áhættusöm lán.

Í yfirheyrslum hjá bandarískri þingnefnd rakti hann fjölmörg mistök sem aðrir gerðu og leiddu til fjármálahrunsins, en taldi sjálfan sig og Seðlabankann ekki bera þar neina sök.

Meðal annars þurfti hann að svara gagnrýnendum sem sögðu Seðlabankann hafa brugðist með því að setja ekki reglur um áhættusöm lán til fólks sem hafði ekki efni á að greiða afborganir af skuldunum.

„Hvers vegna í ósköpunum gerðirðu ekkert til að halda í skefjum ósvífinni og blekkjandi undirmálslánastarfsemi?“ spurði Phil Anglides, formaður rannsóknarnefndarinnar. „Þú hefðir getað það og þú hefðir átt að gera það, en gerðir það ekki.“

Greenspan benti á ýmsar ráðstafanir, sem Seðlabankinn greip til, en Anglides fullyrti að þær aðgerðir hefðu aðeins náð til eins prósents af undirmálslánamarkaðnum, sem grófu undan fjármálaheiminum með þeim afleiðingum að kreppan fór af stað. - gb



**ALAN GREENSPAN** Segir kreppuna ekki sér að kenna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hagræðing hjá Landspítala:

# Bráðadeildirnar báðar í Fossvog

**HEILBRIGÐISMÁL Bráðadeild Landspítalans við Hringbraut var í gær sameinuð slysa- og bráðadeild spítalans í Fossvogi.**

**„Tilgangurinn sameiningarinnar er að tryggja rétta móttöku og meðferð á réttum stað og réttum tíma,“ segir í tilkynningu frá Landspítalanum. Um leið og þjónusta verði bætt lækki launa- og rekstrarkostnaður.**

**Þá var opnuð hjartamiðstöð á Landspítalanum við Hringbraut með áherslu á dag- og göngudeildarþjónustu auk bráðaþjónustu hjartasjúklinga á virkum dögum.** - gar

## Samningur um fækkun kjarnorkuvopna

Samningur Rússa og Bandaríkjamanna um fækkun kjarnorkuvopna kemur í staðinn fyrir START-samninginn svonefnda frá 1991, en sá samningur rann út í desember.




**Skotflaugar:** Fækkað úr 1.600 í 500-1.000 skv. samningum.

**Kjarnaoddar í eigu annarra ríkja**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Frakkland** | 300 | **Ísrael** | 80-106 |
| **Bretland** | 185 | **Indland** | 60-80 |
| **Pakistan** | 60-90 | **Norður-Kórea** | ekki vitað |
| **Kína** | 240 | | |

HEIMILD: BULLETIN OF THE ATOMIC SCIENTISTS

# Leggja grunn að fækkun kjarnavopna

**Nýr samningur um kjarnorkuafvopnun hefur verið nærri ár í smíðum. Obama Bandaríkjaforseti og Medvedev Rússlandsforseti eru bjartsýnir á að ná samningi um flugskeytavarnarkerfi Bandaríkjanna.**

**TÉKKLAND, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir nýja afvopnunarsamninginn leggja grunn að enn frekari fækkun kjarnorkuvopna á næstu árum.

Hann undirritaði samninginn í Tékklandi í gær ásamt Dimitri Medvedev Rússlandsforseta. Nærri ár er síðan samningaviðræðurnar hófust, og hefur á ýmsu gengið þennan tíma.

Upphaflega átti nýi samningurinn að taka gildi ekki síðar en í desember, þegar hinn tuttugu ára gamli START-samningur rann út. Þann samning höfðu Ronald Reagan Bandaríkjaforseti og Mikhaíl Gorbatsjov Sovétleiðtogi undirritað árið 1991, skömmu fyrir fall Sovétríkjanna.

Samningurinn felur það í sér að langdrægum kjarnorkuvopnum Rússa og Bandaríkjanna er fækkað um þriðjung frá því sem nú er. Hann tekur þó ekki gildi fyrr en þing beggja þjóða hafa staðfest hann.

Báðir voru þeir Obama og Medvedev ánægðir með þennan síðbúna árangur og bjartsýnir á framhaldið. Enn eru þó óleyst deilumál milli ríkjanna, ekki síst varðandi áform Bandaríkjanna um að koma sér upp eldflaugavörnum í Evrópu þrátt fyrir að Rússar líti á það sem ógn við sig.

Síðastliðið haust sagði Obama að Bandaríkjamenn væru hættir við áform um að koma sér upp eldflaugavarnarstöðvum í Póllandi og Tékklandi, en Bandaríkin hafa þó enn áform um að koma sér upp endurbættum eldflaugavörnum í Evrópu, meðal annars með aðstöðu í Rúmeníu.

Rússar hafa hótað því að segja upp þessum nýja samningi ef þeir komast að þeirri niðurstöðu að þeim stafi hætta af þessum áformum. Obama sagði þeim þó engan veginn beint gegn Rússum og Medvedev sagðist sannfærður um að málamiðlun takist um málið.



**AÐ LOKINNI UNDIRRITUN** Barack Obama og Dmitri Medvedev harla ánægðir með dagsverkið. NORDICPHOTOS/AFP

gudsteinn@frettabladid.is


*Hafðu samband*
sími 444 7000 ✻ arionbanki.is



ÍSLENSKA SIA.IS ARI 49904 04/10

Ert þú í *Vildarþjónustu* Arion banka?

Kynntu þér þinn **ávinning** vegna ársins 2009 í Netbankanum.



Nánari upplýsingar um Vildarþjónustu Arion banka má nálgast á arionbanki.is

Arion banki

Ferðaþjónusta blómstrar:

# Metfjöldi í mars

**FERÐAMÁL Tuttugu og sex þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu um Leifsstöð í marsmánuði og hafa aldrei verið fleiri í þeim mánuði.**

**Ferðamönnum fjölgaði um tvö þúsund frá sama mánuði í fyrra, samkvæmt talningu Ferðamálastofu. Ferðamönnum fjölgaði frá öllum markaðssvæðum nema hinum Norðurlöndunum. Bretum fjölgaði um rúmlega fimmtung, Bandaríkjamönnum og Kanadamönnum um ellefu prósent.**

**Frá áramótum hafa 65 þúsund erlendir gestir farið frá landinu, fimm prósentum fleiri en fyrstu þrjá mánuði síðasta árs.** - pg

Flestir foreldrar vilja að Reykjavíkurborg bjóði styrki til að brúa bil eftir fæðingarorlof:

# Þriðjungur foreldra hefur nýtt þjónustutryggingu

**REYKJAVÍK** Langflestir foreldrar sem fengið hafa greitt svokallaða þjónustutryggingu frá Reykjavíkurborg eru ánægðir með þá þjónustu, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem gerð var fyrir Reykjavíkurborg.

Borgin býður foreldrum barna að tveggja ára aldri styrk sem kallaður er þjónustutrygging og er ætlað að greiða fyrir umönnun barnsins frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólapláss eða niðurgreidd þjónusta dagforeldra býðst. Borgin lét kanna viðhorf til þjónustutryggingar hjá foreldrum sem leituðu eftir þjónustu hjá leikskólasviði borgarinnar. Af 477 sem svöruðu sögðust 159, eða 33,3 prósent, hafa nýtt sér þjónustutrygginguna. 61 prósent nýtti styrkinn þar sem leikskólapláss stóð ekki til boða. Álíka margir og nýttu þjónustutrygginguna, eða 153, sóttu ekki um þar sem þeir vissu ekki að hún stæði til boða.

89,5 prósent allra þátttakenda vilja að þjónustutrygging sé meðal þeirra valkosta sem borgin býður.

Styrkurinn var 35 þúsund krónur á mánuði þegar könnunin var gerð, en 63 prósent svarenda töldu fjárhæðina of lága, 35 prósent hæfilega en 2 prósent töldu greiðslurnar of háar. Styrkurinn lækkaði í 25 þúsund um síðustu áramót og lækkar aftur í 20 þúsund 1. ágúst í sumar. - pg



**ÞJÓNUSTUTRYGGING** Reykjavík er eitt tólf sveitarfélaga, sem bjóða greiðslur til að brúa bil milli fæðingarorlofs og leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**RÁPAÐ UM NETIÐ** Margir hafa brugðist við kvörtunum frá þeim sem finnst ýmislegt vanta í nýju tölvuna frá Apple. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Viðbót við iPad-tölvuna:

# Tæknifíklar búa til myndavélar

**TÆKNI** Tæknitröll hafa unnið að því að bæta úr því sem vantar í iPad-tölvuna sem kom á markað um síðustu helgi.

Í netútgáfu tímaritsins PC World er bent á að búið sé að bæta úr skorti á myndavél. Annars vegar er um að ræða hugbúnað sem tengir saman iPad-tölvuna og iPhone-símann. Bæði má nota staðarnet tölvu og síma (Wi-Fi) eða blátannartækni á þann veg að síminn nýtist sem myndavél. Hins vegar má kaupa sérstaka myndavél, sem tengist tölvunni með blátannartækni. - jab

Breytingar á Schengen:

# Samræma áritanir vegabréfa

**BRUSSEL Nýjar og samræmdar reglur um vegabréfsáritanir hafa tekið gildi á Schengen-svæðinu. Þær eiga að einfalda íbúum utan Schengen-svæðisins að ferðast inn á svæðið, ef fyrirhuguð dvöl er ekki lengri en þrír mánuðir.**

**Meðal annars er biðtími eftir áritun styttur, auk þess sem embættismenn verða að gefa upp ástæðu ef einstaklingi er neitað um áritun. Vilji fólk dvelja lengur en 90 daga gilda samræmdu reglurnar ekki heldur sérreglur hvers ríkis eins og hingað til.**

**Schengen-svæðið nær yfir 22 af 27 ríkjum Evrópusambandsins, auk Íslands, Noregs og Sviss.** - gb

Kópavogur útvegi lánsfé:

# Tryggt verði að íbúðarhúsnæði verði fullbyggt

**KÓPAVOGUR** Samfylkingin vill að Kópavogsbær hafi forgöngu um og leggi fram fé til að fullgera hálfbyggðar íbúðir í bænum.

Bærinn útvegi lánsfé á hagstæðum kjörum og bjóði Íbúðalánasjóði, bönkum og byggingaraðilum til samstarfs. Að lokinni byggingu verði íbúðirnar boðnar til leigu, kaupleigu eða sölu á almennum markaði.

„Það er hlutverk hins opinbera að örva efnahagslífið í niðursveiflu," segir í tilkynningu Samfylkingarinnar. Hugmyndin geti staðið undir sér, hún skapi bæjarbúum atvinnu og bjóði raunhæf búsetuúrræði. - pg



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stefna skilanefndar vekur áleitnar spurningar.

## „Allt sem þú segir mér að gera“

Eitt af því sem felldi íslenzka bankakerfið voru gáleysislegar lánveitingar bankanna til eigenda sinna og tengdra aðila. Of mikil áhætta byggðist upp í lánabókum bankanna, sem lánuðu sömu eða skyldum aðilum gífurlegar fjárhæðir. Það magnaði upp áhættuna í efnahagslífinu að ýmsir stórir lántakar voru jafnframt í hópi eigenda bankanna. Færi illa fyrir einhverjum eigendanna var bankinn í slæmum málum – og öfugt.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þeir atburðir, sem eru raktir í stefnu skilanefndar Glitnis banka á hendur sex fyrrverandi eigendum og starfsmönnum bankans, meðal annars með tilvitnunum í tölvupóstsamskipti, veita athyglisverða – og óvenjulega myndræna – innsýn í þetta meingallaða kerfi. Í stefnunni koma fram alvarlegar ásakanir, um að Jón Ásgeir Jóhannesson og Pálmi Haraldsson hafi nýtt sér ráðandi stöðu sína í eigendahópnum til að knýja fram lánveitingu til fyrirtækis Pálma upp á sex milljarða, þrátt fyrir að fyrirtækið og annar rekstur hans ætti í miklum erfiðleikum og væri í vanskilum við bankann. Pálmi skuldaði Jóni og borgaði honum milljarð af láninu. Þá er því haldið fram að starfsmennirnir, sem um ræðir, hafi þverbrotið reglur um útlán og áhættustýringu bankans og hugsanlega einnig lög.

Stefnan setur fram hlið skilanefndarinnar á málinu. Þeir stefndu eiga eftir að koma fram vörnum. Hér er einkamál á ferðinni; enn sem komið er að minnsta kosti er það ekki rannsakað sem sakamál. Engu síður vakna margar áleitnar spurningar við lestur stefnunnar.

Voru Jón Ásgeir og Pálmi að hugsa um hag bankans og þúsunda annarra hluthafa þegar þeir þrýstu á ákvarðanir um lánveitinguna? Eða umgengust þeir bankann eins og sína einkaeign, sem hægt væri að nýta til að hjálpa eigin fyrirtækjum?

Hefði annað fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa, sem hefði verið í jafnmiklum vanskilum við bankann og fyrirtæki Pálma Haraldssonar og í jafnmiklum fjárhagserfiðleikum, fengið sambærilega lánafyrirgreiðslu? Innan Glitnis vissu menn klárlega að Pálmi stæði illa, samanber nú fleygan tölvupóst Einars Arnar Ólafssonar, um að bankinn hefði eins getað lánað Pálma tvo milljarða til að koma fyrir á Cayman-eyjum áður en hann færi á hausinn í stað þess að standa í þeim flóknu gerningum, sem stefnan lýsir.

Hvers vegna var reglum bankans um stórar áhættuskuldbindingar og framkvæmd lánveitinga ekki fylgt? Hvaða ástæða var til að afgreiða málið utan fundar áhættunefndar? Af hverju var stjórn Glitnis ekki látin fjalla um það, fyrst lán til fyrirtækja Pálma hefðu, eftir lánveitinguna, talizt til stórra áhættuskuldbindinga bankans?

Loks hlýtur fólk að spyrja, ekki sízt í ljósi þess að innan bankans var samkvæmt stefnunni augljóslega vitneskja um að verið væri að fara framhjá reglum, hvers vegna enginn starfsmannanna hafði þrek til að láta reyna á reglurnar og hindra lánveitinguna. Var orðið til í bönkunum andrúmsloft, þar sem menn hlýddu bara skipunum, ekki sízt ef þær komu frá eigendunum? Önnur fleyg setning úr tölvupósti Einars Arnar er: „Ég geri allt sem þú segir mér að gera.“

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Höfum opnað verslun
að Kauptúni 3 í Garðabæ (gengt IKEA).



Mikið úrval vandaðra garðhúsgagna sem þarfnast lítils viðhalds. Margar vörur á opnunartilboði!

Signature húsgögn
Opið: Má. - Fö. 12 - 18
Lau. 11-15

Kauptúni 3, 210 Garðabær • S 771 3800

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Samskiptin**

Stefna skilanefndar Glitnis á hendur sex eigendum og starfsmönnum bankans er um margt merkileg lesning. Samskipti manna í tölvupóstum eru ekki síst athyglisverð og af tilvitnunum í slíka pósta, til dæmis Jóns Ásgeirs og Pálma í Fons, verður ekki séð að fagmennska hafi verið í fyrirrúmi. Stikkorð og slangur eru allsráðandi í fyrirmælum um viðskiptagjörninga upp á milljarða króna og hundruð milljóna eru kallaðar restar. Hvað sem viðskiptunum sjálfum og lögmæti þeirra líður verður ekki séð af þessum samskiptum að viðkomandi hafi umgengist Glitni sem almenningshlutafélag sem gætti fjárhagslegra hagsmuna þúsunda venjulegra manna.



**Viðskiptin**

Sexmenningunum er stefnt vegna sex milljarða króna lánveitingar. Við sögu koma F38, Goldsmith, Fons, GLB, Aurum og Plastprent auk Glitnis sem lánaði peningana. Ekki er nokkur vegur að ætla að almenningur geti talið þessa snúninga alla eðlilega. Og það gerir skilanefndin augljóslega ekki. Þeir sem hlut áttu að máli eru hins vegar þeirrar skoðunar. Staða bankans batnaði við þetta, segir Lárus Welding sem var bankastjóri.



**Æfingin**

Einar Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri í Glitni, var þó efins og skrifaði Lárusi bankastjóra játningu: „Verð að viðurkenna að ég skil ekki afhverju við lánum ekki bara Pálma 2 milljarða króna til að koma fyrir á Cayman, áður en hann fer á hausinn. Í stað þess að fara í alla þessa Goldsmith æfingu.“ Í stefnunni er ekki að finna viðbrögð Lárusar við þessum vangaveltum Einars. bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Málfrelsisfélag – góð hugmynd?

Efnahagsmál



Svavar Gestsson
Fyrrverandi heilbrigðisráðherra

Ég rak tána ofan í laugina og skrifaði eina litla grein á dögunum. Þakklætið lét ekki á sér standa: „Athyglisjúkur bjálfi að mínu mati,“ sagði maður sem segist heita Karl Lars Kristjánsson. Jón Gunnar Guðmundsson sagði: „Fær þessi útbrunni kommi ekki hellingslaun fyrir að gera mistök…“ Og Einar Strand sagði: „Þeir sem klikka eru skammaðir.“ Og: „Bogga: Hvað með Indriða og Svavar? Og Þórólf? Á nú að ganga yfir þá á skítugum skónum? Þeir hafa talað máli Hollendinga og Englendinga. Verið mjög duglegir og einbeittir.“ Sem sagt ég, Indriði og Þórólfur Matthíasson við erum talsmenn Hollendinga og Englendinga. Hvað er að? Einn kallaði mig nafnlaust að vísu hluta af stofnanaveldinu. Vingjarnlegt!

En þetta voru sem betur fer ekki einu viðbrögðin; nokkrir sögðust vilja stofna málfrelsisfélag og það strax. En það var reyndar í einkanótum til mín. Þeir vilja helst ekki koma fram; þeir hafa orðið fyrir persónulegum og meiðandi árásum þegar þeir hafa rekið tána ofan í umræðulaugina.

Það verður að segja sannleikann. Það verður að fá að segja það fullum fetum að töfin á Icesave-málinu hefur gert þúsundir manna atvinnulausar. Það stafar af því að vextir eru hærri en ella væri. Og af því að lánsfjármögnun fæst ekki til þjóðarbúsins. Og gengið er allt of lágt.

Það verður að reyna að þróa opna og heiðarlega umræðu og leiða málið til lykta; ekki með öskrum. Meðan stór hluti opinberrar umræðu stendur á öskrunum birtast svona tíðindi í blöðunum eins og í mbl.is 6. apríl: „Alþjóðlega greiningarfyrirtækið Moody's tilkynnti í morgun að það hefði breytt horfum fyrir lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, úr stöðugum í neikvæðar, aðallega vegna óvissunnar um Icesavemálið.“

Niðurstaða matsfyrirtækisins er því miður staðreynd; þeir sem kalla eftir rökum þurfa bara að horfa í kringum sig í staðinn fyrir að reyna að gera menn tortryggilega með hópuppnefnum.

Málfrelsisfélag virðist vera brýn hugmynd.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Róttækar stjórnsýsluumbætur

Stjórnsýsla

Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðherra



Hrun bankakerfisins hefur kallað á grundvallarendurskoðun fjölmargra þátta í samfélagi okkar. Bankarnir brugðust, stjórnkerfið brást, stjórnmálin brugðust, eftirlitskerfið brást, fjölmiðlarnir brugðust, hugmyndakerfi hins frjálsa markaðar brást og á okkur öllum hvílir sú skylda að búa svo um hnúta við endurreisnina að slíkt gerist ekki aftur. Frá því að ný ríkisstjórn tók við í febrúar 2009 hefur markvisst verið unnið að endurbótum á lagaumhverfi og vinnubrögðum í gangvirki samfélagsins, hvort sem litið er til ráðuneyta, eftirlitsstofnana, fyrirtækja, fjármálastofnana, fjölmiðla, stjórnmálaflokka eða stjórnskipunarinnar í heild. Hér verða reifaðar helstu úrbætur sem þegar hefur verið hrundið í framkvæmd og aðrar sem unnið er að á vettvangi forsætisráðuneytisins. Þær breytingar sem gerðar hafa verið miða allar að því að gera umhverfi stjórnmálanna og stjórnsýslunnar lýðræðislegra, skilvirkara og traustara ekki síst með því að auka gagnsæi, aðgengi og áhrif almennings.

■ Forsætisráðuneytið hefur verið endurskipulagt í því skyni að skerpa á forystu- og stefnumótunarhlutverki þess. Settar hafa verið á fót fastar ráðherranefndir á sviði efnahagsmála, ríkisfjármála, Evrópumála og jafnréttismála sem hittast reglulega og tryggja samráð og formleg vinnubrögð.

■ Verkaskiptingu ráðuneyta hefur verið breytt og ráðuneyti efnahagsmála stofnað. Frekari breytingar á ráðuneytum og stofnunum eru í farvegi og hafa það að markmiði að efla stjórnsýsluna og gera hana skilvirkari og einfaldari og um leið hagkvæmari.

■ Unnið er að því að bæta starfshætti ríkisstjórnarinnar og ráðherranefnda enn frekar í því skyni að efla samstarf og samráð innan Stjórnarráðsins sem og að því að breyta innra skipulagi ráðuneyta innan Stjórnarráðsins, stöðu embættismanna og annarra starfsmanna og pólitískra aðstoðarmanna ráðherra.

■ Þá eru til umfjöllunar niðurstöður nefndar sem fjallaði undir forystu Páls Hreinssonar um starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra og réttarbrotum í samræmi við ályktun Alþingis frá 2. júní 1998. Svo virðist sem ekki hafi verið unnið með tillögur nefndarinnar fyrr en nú ellefu árum eftir að nefndin skilaði forsætisráðuneytinu niðurstöðum sínum.

■ Starfshópur um endurskoðun upplýsingalaga er nú að ljúka störfum. Hann fjallar m.a. um hvort möguleiki sé á því að víkka út gildissvið upplýsingalaganna og rýmka aðgengi almennings að upplýsingum í fórum stjórnvalda.

■ Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um siðareglur fyrir embættismenn og aðra starfsmenn innan stjórnsýslunnar. Megintilgangur frumvarpsins er að skapa lagalega umgjörð um siðareglur fyrir stjórnsýslu ríkisins og störf ráðherra. Er það í fyrsta sinn sem kveðið er á um setningu slíkra reglna hér á landi.

■ Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur hefur verið lagt fram á Alþingi.

■ Frumvarp til laga um stjórnlagaþing hefur verið lagt fram á Alþingi.

■ Samþykktar voru breytingar á lögum um stjórnmálasamtök og frambjóðendur, ekki síst vegna áranna 2002-2006, og nú liggur fyrir nýtt lagafrumvarp sem kynnt verður í ríkisstjórn í dag um enn frekari upplýsingaskyldu þessara aðila auk frambjóðenda til embættis forseta Íslands.

■ Samþykktar hafa verið reglur um skráningu hagsmunatengsla ráðherra.

■ Frumvarp til laga um breyting á lögum um opinberar eftirlitsreglur verður lagt fram á næstu dögum með það að markmiði að bæta vinnubrögð við undirbúning lagasetningar.

■ Frumvarp til laga um persónukjör hefur verið lagt fram á Alþingi.

■ Þá hef ég skipað nefnd undir forystu Gunnars Helga Kristinssonar sem skal taka skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis til ítarlegrar umfjöllunar og meta þau atriði sem beinast kunna sérstaklega að stjórnsýslunni og starfsháttum Stjórnarráðsins.

Hér hafa aðeins verið raktar ýmsar úrbætur sem unnið hefur verið að innan forsætisráðuneytisins á liðnu ári til að tryggja lýðræðislegra og traustara gangvirki samfélagsins en það sem leiddi til hruns. Í annarri grein sem birt verður í Fréttablaðinu á morgun verða reifaðar helstu úrbætur sem unnið hefur verið að í öðrum ráðuneytum innan Stjórnarráðsins í sama tilgangi.

# Afneitun leysir engan vanda

Efnahagsmál

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur Alþýðusambands Íslands



Ögmundur Jónasson alþingismaður kallar eftir rökum okkar sem teljum að töf á lausn Icesave-deilunnar hamli endurreisn efnahagslífsins, í grein í Fréttablaðinu á miðvikudaginn. Það er fagnaðarefni að þingmaðurinn skuli leita eftir rökstuddri umræðu um þetta erfiða mál. Hitt er öllu dapurlegra að hann leggur lítið inn í slíka umræðu. Í stað þess að fjalla um málið af yfirvegun og með rökum gerir hann lítið úr málflutningi okkar sem erum honum ósammála og fer rangt með þegar hann vitnar í útreikninga hagdeildar ASÍ.

En hver eru rök okkar sem teljum mikilvægt að ljúka Icesave-málinu án frekari tafa? Rökin eru fyrst og fremst þau að sterk tengsl séu á milli Icesave-málsins og endurreisnar efnahagslífsins.

**Tengsl Icesave og endurreisnarinnar**

Lánshæfismat okkar hjá stórum erlendum matsfyrirtækjum hefur versnað vegna Icesave. Töf hefur orðið á endurskoðun á efnahagsáætlun okkar og AGS og Norðurlöndin hafa ekki treyst sér til að veita okkur lán á meðan málið er óleyst. Við þessar aðstæður er illmögulegt fyrir ríkið og orkufyrirtækin að leita eftir lánum á erlendum lánamörkuðum. Til skamms tíma þýðir þetta tvennt; endurfjármögnun á stórum afborgunum af erlendum lánum opinberra aðila eru í mikilli óvissu og ómögulegt verður að fjármagna þau orkuver sem þarf vegna fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda.

Takist okkur ekki að fá aðgang að erlendum lánamörkuðum þá klárast gjaldeyrisvaraforðinn á næstu tveimur árum. Ekkert verður af fyrirhuguðum stóriðjuframkvæmdum og þar með hverfur sá hagvöxtur sem þær framkvæmdir áttu að skila. Að mati hagdeildar ASÍ verður þjóðfélagið af 133 milljarða verðmætum á næstu þremur árum verði ekkert af framkvæmdunum. Við þetta bætist að óvissan varðandi gjaldeyrisvaraforðann leiðir til þess að krónan verður veikari en ella sem þýðir að erfiðara verður að slaka á gjaldeyrishöftunum og lækka vexti. Ríkið verður af tekjum vegna minni umsvifa í hagkerfinu og útgjöld þess aukast vegna atvinnuleysis. Hvorttveggja kallar á enn meiri niðurskurð á fjárlögum en þegar hefur verið boðaður.

**Leysir Icesave allan vanda?**

Er öruggt að öll okkar vandamál leysist ef við bara klárum málið? Svarið er því miður nei. Það eru fleiri ljón í vegi stórframkvæmda en fjármögnun. Þawwwð er heldur ekki hægt að fullyrða að erlendir lánamarkaðir opnist um leið og við leysum Icesave-málið en það er nokkuð öruggt að á meðan málið er í uppnámi þá verður torsótt að sækja þangað lán.




# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**598** KR.KG

**KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**



**1598** KR. KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



**898** KR. KG

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK



**1298** KR. PK

BÓNUS NAUTABORGARAR FROSNIR 10X120G



**298** KR. PK

BÓNUS FERSKT PÍTUBRAUÐ 4 STK

20.000 KAFFIPAKKAR
Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI !



**398 KR.PK**

BKI CLASSIC KAFFI
MELLANRÖSTED 500G



**359** KR. PK

EUROSHOPPER WOKPÖNNU-GRÆNMETI 1 KG



**359** KR. PK

EUROSHOPPER BROKKOLÍ & BLANDAÐ GRÆNMETI 1 KG



**359** KR. PK

EUROSHOPPER BROKKOLÍ 1 KG



**198** KR. STK

MYLLU HVÍTT SAMLOKUBRAUÐ 770G



**198** KR. STK

BÓNUS NÝBAKAÐ ÞRIGGJAKORNABRAUÐ 500G



**298** KR. PK

ALLETIDERS FROSIN BLÁBER 250G



**298** KR. PK

ALLETIDERS FROSIN BERJABLANDA 350G



**298** KR. PK

ALLETIDERS FROSIN EKSOTISK ÁVAXTABLANDA 250G



**298** KR. PK

ALLETIDERS FROSIN JARÐARBER 500G

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: **FÖSTUDAGUR** 10:00 - 19:30

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Opnum kl.10 í dag Opnum kl.10 í dag




998 KR.KG

N.F FROSIÐ GRÆNMETISBUFF



598 KR.KG

K.S FROSIÐ SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR




598 KR.KG

K.S FROSNIR SALTFISKBITAR




259 KR. PK

EUROSHOPPER ELDHÚSRÚLLUR 4 STK




998 KR. PK

ANDREX WC PAPPÍR 12 RÚLLUR




28 KR. PK

ROOKEE NÚÐLUR 85G PAKKAR




195 KR. PK

EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG




1298 KR. KG

FERSKT KRYDDAÐ FJALLALAMBALÆRI

AÐ NORÐAN

35% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1998 KR.KG.




## BÓNUS SMYRILL 300g

*Nú með 20% afslætti*

**111 kr. dósin**

*Alltaf mjúkur úr ísskápnum*




398 KR. KG

**TILBOÐ** FERSKT NÝTT KJÖTFARS




398 KR. KG

**TILBOÐ** FROSIÐ SPARHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: **FÖSTUDAGUR** 10:00 - 19:30

# Fjöregg – eggin klekjast út í tilraunalandinu í Vatnsmýri

Menningarmál

Max Dager
Forstjóri Norræna hússins



Eftir að hafa búið við eitt og hálft ár af fjármálakreppu og lagaflækjum, niðurskurði og ýmiss konar samningum um afborgunarskilmála, er kominn tími til að hefja uppbygginguna og leggja sterkan grunn að framtíðinni. Gott er að hafa í huga að kínverska táknið fyrir „kreppu“ táknar einnig „möguleika“.

Ísland er stórkostlegt land tækifæra, náttúruauðlinda og sjálfstæðrar og friðelskandi þjóðar. Með slíkan grunn og í ljósi þeirra möguleika sem fámenn þjóð hefur til að laga sig fremur hratt að nýjum aðstæðum er framtíðin björt sé tækifærið gripið einmitt nú.

Nú er lag að hefja uppbygginguna með langtímasjónarmið að leiðarljósi, í umhverfi sem er í fararbroddi á heimsvísu þegar kemur að þeim sköpunarkrafti og framkvæmdagleði sem náttúra Íslands blæs okkur í brjóst á einstakan hátt. Við getum með skjótum hætti orðið fordæmi til að snúa þróuninni við eftir fjármálakreppu heimsins. Ef við þorum að taka nokkur óhefðbundin hliðarspor getum við byggt upp kröftugan og hugmyndaríkan hóp sem höfðar bæði til skapandi fólks og skapandi fjármagns. Ísland á möguleika á að verða fyrsta land í heimi þar sem jafnvægi næst í losun og upptöku koltvísýrings. Á tíu árum gætum við endurnýjað allan bílaflota landsins þannig að notuð yrði innlend og endurvinnanleg orka.

Á Íslandi er gnótt af því sem almennur skortur er á í heiminum; víðernum og auðnum. Við vitum öll að með matvöru sem framleidd er á staðnum og framreidd af hugmyndaríki og sjálfsögðum gæðum, og með nýstárlegum gistimöguleikum og aukinni þjónustu, á landið möguleika á að verða gífurlega vinsæll áningarstaður ferðamanna.

Til að koma þessu í framkvæmd er þörf á þekkingu, hugmyndaríki, hugrekki og sköpunarkrafti.

Árið 2010 mun Norræna húsið í Reykjavík, sem ég vona að geti lagt sitt af mörkum sem frjósamt og kraftmikið afl á erfiðum tímum, setja börnin í öndvegi. Börnin okkar taka þátt í að byggja upp landið á ný og þau þurfa að fá í hendurnar verkfæri og einnig stuðning sem eykur hugmyndaflug, hugrekki og þann mikla sköpunarkraft sem getur gert Ísland að besta landi í heimi.

Í samvinnu við Háskóla Íslands verður nú í apríl opnað Tilraunaland sem er öllum opið þeim að kostnaðarlausu. Tilraunalandið höfðar til sköpunarkrafts og forvitni, það er fræðandi og skapandi en jafnframt skemmtilegt. Tilraunalandið er sett upp í samvinnu við Tom Tits Experiment í Svíþjóð, sem er miðstöð upplifana í Södertälje sunnan við Stokkhólm, og sem árlega fær heimsóknir mörg hundruð þúsunda gesta og hefur hlotið fjölda evrópskra verðlauna fyrir fræðsluefni sitt. Ætlunin er einnig að ferðast vítt og breitt um landið með Tilraunalandið í tveimur vögnum í sumar.

Norræna húsið hefur skipulagt fjölda viðburða sem ætlað er að höfða til barna, undir yfirskriftinni „Fjöregg“. Í lok apríl verður Barna- og unglingabókmenntahátíðin Mýrin haldin, en hana sækja margir af færustu höfundum og myndskreytum heims. Í ár verður líka í boði breikdans, leiksýningar, kvikmyndasýningar og tilraunareitur til ræktunar. Stavanger hefur sent okkur „sandkassa með yfirbreiðslu“ – innsetningu sem gerð var þegar bærinn var ein af menningarborgum Evrópu fyrir nokkrum árum. Í haust verður hafist handa við að byggja upp betra votlendi fyrir fuglana í Vatnsmýrinni og samtímis setjum við upp einstakan útiskóla í miðri höfuðborginni. Þetta verður gert í samvinnu við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og eftir hugmyndum frá X-Clinic við New York-háskóla.

Með þessu frumkvæði og með framkvæmdagleðina að leiðarljósi fá börnin tækifæri til að kynnast uppfinningum og frjórri hugsun sem gagnast við uppbygginguna þess Íslands sem mun standa sterkt um langa framtíð.

Þessi grein er hvatning til stjórnmálamanna, sem hefja senn kosningabaráttu, til að úthugsa leiðir til að fá börnum okkar í hendur tól, tækifæri og forsendur til nýsköpunar í borginni, auk sköpunargleði og samkenndar. Þannig verður framtíð Íslands björt.

Að auki finnst mér að grafa eigi Hringbrautina í göng svo að við eignumst sannkallaðan borgargarð og háskóla í miðri Reykjavíkurborg.

# Opinn aðgangur að vísindaþekkingu

Vísindastarf

Njörður Sigurjónsson
Lektor í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst



Aðgangur almennings að vísindaþekkingu og nýjustu niðurstöðum rannsókna er mjög takmarkaður og þarf að greiða þarf háar fjárhæðir fyrir einstakar greinar eða tímarit sem geyma þessa þekkingu. Sem dæmi má taka að ef ég eða nákominn ættingi greinist með krabbamein, þarf ég að greiða hundruð dollara fyrir aðgang að vefsíðum sem geyma nýjustu rannsóknir vísindamanna á sjúkdómnum.

Opinn aðgangur er hugtak sem merkir að útgefið efni sem er afrakstur vísindastarfs, og oftar en ekki er kostað af opinberu fé, háskólunum eða samkeppnissjóðum, er aðgengilegt öllum á rafrænu formi. Yfirleitt er um að ræða ritrýndar greinar ritaðar af háskólamenntuðum fræðimönnum sem þiggja laun eða styrki til þess að stunda rannsóknir sínar og fræðistörf, en síðan þarf að greiða sérstaklega fyrir að fá að lesa greinarnar í alþjóðlegum tímaritum. Með opnum aðgangi er reynt að tryggja að almenningur þurfi ekki að greiða þriðja aðila eða „aftur“ fyrir vinnuna.

Vísindamenn hafa helst tvær leiðir til þess að greinar þeirra birtist í opnum aðgangi: að gefa út í tímariti sem er opið eða senda greinina í opið varðveislusafn jafnframt því sem hún birtist í hefðbundnu tímariti. Báðar leiðir, stundum kallaðar gullna og græna leiðin, tryggja það að greinin er aðgengileg á rafrænu formi en takmarka hvorki höfundar- eða útgáfuréttindi miðað við útgáfu í hefðbundnum tímaritum. (Ekki er rúm til þess að skýra allar efnislegar hliðar þessa máls í stuttum pistli en áhugasömum er bent á nýstofnaða síðu áhugahóps um málið openaccess.is.)

Opinn aðgangur tryggir almenningi, nemendum, og öðrum vísindamönnum aðgengi að nýjustu þekkingu, óháð staðsetningu og fjárhag. Opinn aðgangur er þannig lýðræðis og réttlætismál, á sama tíma og þekkingin er efld því hún er þess konar auðlind sem eykst eftir því sem hún er notuð víðar og meira. Þannig eflist nýsköpun og tækniþróun einnig fyrir sömu krafta.

Nauðsynlegt er að háskólastofnanir á Íslandi komi sér saman um stefnu varðandi opinn aðgang að útgefnu vísindaefni. Flestir háskólar í löndunum í kringum okkur vinna að eða hafa komið sér upp markmiðum varðandi opinn aðgang, samkeppnissjóðir og útgefendur eru að vinna að sínum hliðum málsins, og menntamálayfirvöld hafa einnig látið málið til sín taka. Það stendur þó upp á háskólana á Íslandi að taka af skarið og leiða umræðu um mál sem stendur þeim og þeirra samfélagslega tilgangi næst.

# Betri bílar bæta öryggi

Umferðarmál

Özur Lárusson
Framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins



Íslenski bílaflotinn er nú í eldri kantinum því meðalaldur bíla hér á landi er 10,2 ár á móti 8,5 í löndum ESB. Bílaflotinn eldist nú hratt, sem er óheillaþróun, því eðlileg endurnýjun í bílaflota landsmanna er mikilvæg. Framþróun í bifreiðaframleiðslu hefur ekki einungis skilað sparneytnari bílum sem menga minna, heldur jafnframt auknu öryggi farþega.

Öll viljum við fækka alvarlegum umferðarslysum. Einn lykilþátturinn í því er að íslenskir bílar séu sem flestir búnir nýjasta öryggisbúnaði. Þetta öryggi fæst því miður ekki í gömlum bílum.

Miklar framfarir hafa orðið síðustu ár í þróun öryggisbúnaðar sem dregur úr hættunni á umferðarslysum og búnaði sem verndar þá sem lenda í slysum. Rannsóknir sýna að hægt væri að fækka umferðarslysum á Íslandi um ríflega 1000 á ári hverju ef allir bílar væriu búnir nýjasta öryggisbúnaði á borð við stöðugleikastýringu, ABS-bremsur, spólvörn, og veltivörn. En nýjasti öryggisbúnaður snýr ekki bara að því að fækka slysum, heldur líka vernda farþega betur þegar slys verður. Betri öryggisbelti, fleiri loftpúðar, tölvubúnaður sem metur rétt viðbrögð við árekstri og öflugri stoðkerfi farþegarýma minnkar allt líkur á að slys leiði til alvarlegra meiðsla.

Bílgreinasambandið í samstarfi við bílaumboðin stendur um þessar mundir að átakinu Bílavor 2010 og verður af því tilefni opið hús hjá flestum bílaumboðum landsins laugardaginn 10. apríl. Þemað er öryggismál, og þar verður litið á þróunina í öryggisbúnaði bíla síðustu ár. Ég hvet landsmenn til að nota tækifærið og sjá með eigin augum hvernig þróun í bílaframleiðslu hefur gefið af sér mun öruggari bíla og hafa öryggið sérstaklega í huga næst þegar ráðist er í bílakaup. Fækkun umferðarslysa er hagur okkar allra.







N1

SÉRFRÆÐINGAR
Í DEKKJUM

BETRI ÞJÓNUSTA OG ÚRVAL Á HJÓLBARÐAVERKSTÆÐUM N1

Á hjólbarðaverkstæðum N1 færð þú aðstoð reyndra og lipurra fagmanna og mikið úrval af hjólbörðum í öllum verðflokkum, fyrir allar gerðir bíla. Við spörum líka pláss fyrir þig með því að geyma vetrardekkin þín.
Það er alltaf heitt á könnunni.

Nýttu þér þjónustu okkar og vertu klár fyrir sumarið!



Hjólbarðaþjónusta N1 er á eftirtöldum stöðum:

| | | |
|---|---|---|
| Bíldshöfða 2 | Reykjavík | sími 440 1318 |
| Réttarhálsi 2 | Reykjavík | sími 440 1326 |
| Fellsmúla 24 | Reykjavík | sími 440 1322 |
| Ægisíðu 102 | Reykjavík | sími 440 1320 |
| Langatanga 1a | Mosfellsbæ | sími 440 1378 |
| Reykjavíkurvegi 56 | Hafnarfirði | sími 440 1374 |
| Dalbraut 14 | Akranesi | sími 440 1394 |
| Grænásbraut 552 | Reykjanesbæ | sími 440 1372 |

MICHELIN Starfire COOPERTIRES KUMHO TYRES

WWW.N1.IS

Meira í leiðinni



Úðabrúsi
399
TILBOÐ
Útsæði
5kg-
890kr
Útsæðiskartöflur
Gullauga, Helga, Premier og rauðar
Berjarunnar
margar tegundir
2490kr
Bláber
Rifsber
Sólber
ber, Brómber, Stikkilsber,
er, Rifsber
Öll fræ
20%
afsláttur
Kryddplöntur
mikið úrval,
stórar flottar
plöntur
1499kr
6 mismunandi tegundir af Thymian:
Blóðbergs Thymian, Faustini, Sítrónu, Rasta,
Doone valley og Lady, Lavender og Rósmarín
Ávaxtatré
allt að 2m
Kirsuberjatré
Eplatré
Perutré
Plómutré
7990kr
Vorboðinn ljúfi...
í Blómavali föstudag - sunnudags
Öll
gróðurmold
20%
afsláttur
Allir
vorlaukar
20%
afsláttur
10 stk
páskaliljur
499
Allar
blómstrandi
plöntur
20%
afsláttur
Allir
pottar og
allar potthlífar
20%
afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

**GUÐNI ÁGÚSTSSON, FYRRVERANDI RÁÐHERRA, ER 61 ÁRS.**

*„Það eru mannréttindi að eiga sauðfé.“*

***Guðni Ágústsson er bóndasonur úr Hraungerðishreppi með búfræðipróf frá Hvanneyrarskóla. Guðni var landbúnaðarráðherra í ríkisstjórn Íslands á árunum 1999 til 2007.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. APRÍL ÁRIÐ 1981

## *Seinni hluti Heklugoss hefst*

Þennan dag árið 1981 varð öskufalls vart í Búrfelli og hraunstraumar runnu beggja vegna við Litlu-Heklu að Suðurbjöllum. Þetta var sextánda gos Heklu frá landnámi og telst seinni hluti tvískipts goss sem hófst í Heklu 17. ágúst árið áður. Fram að þessu hafði Hekla legið í dvala í tíu ár eða frá því að hún gaus 1970.

Hinn 17. ágúst 1980 drundi í tindi Heklu og gosmökkur reis upp af fjallinu eftir hádegið í blíðskaparveðri. Öskubólstrar, vatnsflóð og hraun rann niður hlíðar fjallsins og sáust eldar á fjallshryggnum þar sem 8 kílómetra löng sprunga hafði opnast. Gosið var kröftugt en stóð stutt. Gjóska barst yfir Mið-Norðurland og olli veikindum í búfénaði en 20. ágúst var gosinu lokið. Fjallið bærði ekki aftur á sér fyrr en aðfaranótt 9. apríl. Það gos stóð einnig stutt, eða til 16. apríl.



## MERKISATBURÐIR

**1940** Þjóðverjar ráðast inn í Danmörku og Noreg.
**1942** Tveir Íslendingar og 22 Norðmenn farast með norska skipinu Fanefeld á leið frá Bíldudal til Ísafjarðar.
**1963** Sextán sjómenn farast í ofviðri og hörkufrosti sem gerir um allt land.
**1967** Fyrsta Boeing 737-flugvélin flýgur jómfrúarflug sitt.
**1991** Georgía lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
**1992** Manuel Noriega dæmdur fyrir átta glæpi.
**1999** Ibrahim Baré Maïnassara, forseti Nígeríu, ráðinn af dögum.

# Húnvetnsk náttúra

Dagur húnvetnskrar náttúru verður haldinn á Gauksmýri í Línakradal í Húnaþingi vestra á morgun, 10. apríl. Hann hefst á því að Skúli Þórðarson sveitarstjóri setur samkomuna klukkan 9.30 og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra ávarpar gesti. Síðan verða stutt erindi flutt um hin fjölbreytilegustu efni sem lúta að húnvetnskri náttúru, allt fram til klukkan 17. Súpa verður á borðum í hádeginu og kaffisopinn verður heldur aldrei langt undan.

Að fyrirlestrum loknum verður boðið upp á veitingar í húsnæði Selaseturs Íslands á Hvammstanga. Þar verður fimm ára afmæli Selasetursins fagnað og einnig tíu ára afmæli Náttúrustofu Norðurlands vestra en þau tvö fyrirtæki standa að þessum fræðsludegi. Sveitarfélögin í Húnavatnssýslum og fyrirtæki í héraðinu styrkja líka viðburðinn.

Þátttaka tilkynnist á netfangið steini@nnv.is eða í síma 453 7999.



**UMHVERFISRÁÐHERRA** Svandís Svavarsdóttir verður meðal Húnvetninga.



**ÖÐLUÐUST RÉTT TIL BARNA SINNA** Magnfríður Júlíusdóttir, lektor við Háskóla Íslands, segir frá rannsókn á stöðu kvenna í Simbabve eftir fengið sjálfstæði landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FYRIRLESTUR Á VEGUM UNIFEM: KVENNASTÝRÐ HEIMILI Í SIMBABVE

# Staða kvenna hefur styrkst

Magnfríður Júlíusdóttir, lektor í landfræði við Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur á morgun, laugardag, um kvenstýrð heimili í Simbabve. Magnfríður dvaldi í Simbabve um nokkurra mánaða skeið á árunum 1996-1997 þar sem hún vann rannsókn á stöðu kvenna eftir að landið öðlaðist sjálfstæði 1980 og sett voru lög um réttindi kvenna. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum UNIFEM og fer fram í húsnæði Miðstöðvar SÞ að Laugavegi 42 klukkan 13.

„Hugtakið kvennastýrð heimili nær yfir heimili þar sem ekki er fullorðinn karlmaður á heimilinu,“ útskýrir Magnfríður en kvennastýrð heimili eru um þriðjungur heimila í Simbabve. Helmingur þessa hóps eru giftar konur þar sem eiginmennirnir eru farandverkamenn, næststærsti hópurinn er ekkjur og svo fráskildar konur.

„Ég talaði við 160 konur og meirihluti þeirra var fráskilinn en ég vildi skoða breytingar á stöðu kvenna í kjölfar sjálfstæðis og lagasetningar sem gerði þeim mögulegt að verða sjálfráða. Fyrir árið 1980 gátu þær ekki skilið við menn sína og öðlast forræði yfir börnunum. Börnin tilheyrðu föðurfjölskyldunni og konan átti ekki tilkall til þeirra. Það hafði haldið konum föstum. Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna var einnig lögfestur í landinu í byrjun 10. áratugarins og mín niðurstaða var sú að hann hefði nýst konunum jafnvel meira en kvenréttindalöggjöfin þar sem dómstólar túlkuðu hann konum í vil og veittu konum forræði yfir börnunum við skilnað.“

Magnfríður segir stöðu kvennanna hafa ráðist af menntun þeirra, aldri og hversu sterkt fjölskyldunet þær höfðu í kringum sig. Ungar ómenntaðar konur höfðu það einna verst meðan menntaðar konur á miðjum aldri höfðu það ágætt og einnig þær ekkjur sem áttu fullorðin börn sem lögðu til heimilisins. Staða giftu kvennanna fór eftir því hvort eiginmaðurinn sendi peninga heim.

„Á þessum tíma var versnandi efnahagsástand í landinu og hefur versnað eftir það, svo það er ljóst að þessar ungu konur og þær eldri sem höfðu ekki börnin til að hjálpa standa ekki vel. Landið er einnig lélegt landbúnaðarland á þeim svæðum sem Afríkubúum var úthlutað eftir að nýlendutímanum lauk.

Mín túlkun er þó sú að konur hafi styrkst við þessar breytingar. Í viðtölunum kom fram að konunum fannst jákvætt að geta yfirgefið óhamingjusöm hjónabönd, með forsjárrétti yfir börnunum. Það skipti konurnar miklu máli að geta menntað börnin en markmið þeirra allra var að koma þeim í framhaldsskóla. Menntun væri það sem myndi bæta líf barnanna.“ **heida@frettabladid.is**

---



†

*Okkar ástkæri,*

**Jón Trausti Haraldsson**
frá Vestmannaeyjum,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 12. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning 0114-05-065185 kt. 081085-2779.

**Guðmundur Heinrich Jónsson** **Irina Yurievna**
**Sindri Jónsson**
**Haraldur Trausti Jónsson**
**Edda Tegeder**
**Þóranna Haraldsdóttir**
**Hermann Haraldsson** **Brynhildur Jakobsdóttir**
**Haraldur Haraldsson** **Sæunn Helena Guðmundsdóttir**
**Valborg Elín Júlíusdóttir**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma, dóttir, systir, mágkona og frænka,*

**Rósa Hansen**
Baugatúni 6, Akureyri,

lést föstudaginn 2. apríl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 13. apríl kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð fyrir syni hennar í banka 1145-05-251234 Kt. 150954-4799.

**Birgir Óli Sveinsson**
**Birgir Snær**
**Óttar Sindri**
**Sveinn Óli**
**Hrannar Marel**
**Ásta Hansen** **Jóhann Sverrisson**
**Símon Þorsteinsson**
**Rúnar** **Helen**
**Helga Ösp** **Oddsteinn**
**Sandra Björk**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Elsku hjartans dóttir okkar, systir og barnabarn,*

**Alexía Bartolozzi**
Túngötu 11, Álftanesi,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 6. apríl. Útförin fer fram í Möðruvallakirkju í Hörgárbyggð þriðjudaginn 13. apríl klukkan 14.00.

**Ragnheiður Sverrisdóttir** **Luigi Bartolozzi**
**Sverrir Bartolozzi**
**Sverrir Haraldsson** **Sigurbjörg Sæmundsdóttir**
**Michele Bartolozzi** **Franca Di Marco**

---

†

*Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Guðrún Jónsdóttir**
Reykjamörk 2b, Hveragerði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 5. apríl. Jarðsungið verður frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 10. apríl kl. 13.00.

**Guðlaug Bjarnþórsdóttir** **Davíð Jóhannesson**
**Sólveig Bjarnþórsdóttir** **Birgir Sigurðsson**
**Valdís Bjarnþórsdóttir** **Þormóður Ólafsson**
**Jón Ingi Bjarnþórsson**
**Bjarnþór Bjarnþórsson** **Jóna Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn hinna látnu.**



**BORGFIRÐINGABALL** verður haldið á Hótel Borg í kvöld. Þar hittast brottfluttir, aðfluttir og ófluttir Borgfirðingar. Þetta er annað árið í röð sem slíkt ball er haldið en í fyrra mættu 400 Borgfirðingar. Húsið opnar klukkan 23.




**Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þórarinn segir bernaise-pitsuna fara vel ofan í gesti. Fyrir aftan hann má sjá týpíska föstudagspitsu sem hann gerir gjarnan með pepperóní, skinku, sveppum, rauðlauk og fetaosti.

# Alltaf pitsa á föstudögum

**Heima hjá Þórarni Ólafssyni hefur skapast sú hefð að baka pitsur á föstudögum. Pitsugerðin er að mestu í höndum Þórarins og er hann því í góðri þjálfun. Bernaise-pitsa hefur vakið sérstaka lukku.**

Þórarinn Ólafsson, verkefnisstjóri hjá Marel, hefur gert alls kyns tilraunir við pitsugerð og lumar meðal annars á uppskriftum að bernaise- og barbeque-pitsum sem hafa vakið mikla lukku.

„Ég datt niður á bernaise-pitsuna þegar ég átti afganga af nautakjöti en ég hafði einhvern tímann bragðað eitthvað henni líkt á Greifanum á Akureyri. Hún er auðvitað ekki sú allra hollasta en er góð til hátíðabrigða og fer vel ofan í gesti. Á barbeque-pitsuna set ég síðan barbeque- og pitsusósu til helminga ásamt beikoni, skinku og fullt af osti.“

Þórarinn lumar á nokkrum óbrigðulum ráðum við pitsugerðina. „Í fyrsta lagi er mikilvægt að vera með kringlótta pitsuplötu með götum en ég keypti mína í Bónus. Þá er best að hnoða deigið sem minnst og hafa vel af hveiti á borðinu þegar það er flatt út en þannig fer botninn síður í sundur. Lykilatriði er síðan að hafa ofninn sjóðandi heitan og á blæstri og baka pitsuna neðst í ofninum en þannig bakast hún upp og verður sem líkust pitsum sem eru bakaðar í alvöru pitsuofnum.“ Þórarinn segir marga brenna sig á því að baka pitsuna of lengi en að galdurinn sé að hafa hana einungis inni í fjórar til fimm mínútur. „Ef deigið er nógu þunnt og ofninn heitur á það að duga,“ segir Þórarinn og bendir á að upplagt sé að pensla endana með olíu til að gera þá stökka.

*vera@frettabladid.is*

## BERNAISE-PITSA ÞÓRARINS

**Pitsubotn (dugar í tvær þunnbotna 16” pitsur)**
6 dl hveiti eða spelt
12 g ger (1 lítill poki)
1 tsk. salt
1 tsk. sykur
3 msk. ólívuolía
2 dl vatn

*Blandið þurrefnum saman. Bætið olíu og volgu vatni við. Hnoðið deigið og látið hefast í 45 mínútur. Fletjið út og gætið þess að hafa vel af hveiti á borðinu þannig að þunnt deigið fari síður í sundur.*

**Álegg**
200 g roastbeef í bréfi (um 2 bréf) eða
200 g nautakjöt í þunnum sneiðum.
1/4 meðalstór laukur
1 poki pitsuostur
1 pakki bernaise-sósa (hafið frekar þykka, notið mikið smjör en litla mjólk)

*Færið deigið yfir á bökunarplötu (notið kringlótt pitsumót með götóttum botni) og dreifið bernaise-sósu, osti, roastbeef (í renningum) og lauki yfir. Kryddið létt með svörtum pipar ef vill. Brettið kantana inn á plötuna og berið á þá ólívuolíu. Bakið pitsuna í 5 mínútur neðst í ofninum við 250°C á blæstri.*




**MÖGULEIKHÚSIÐ** verður með aukasýningu á barnaleikritinu Langafi prakkari sem byggt er á sögum Sigrúnar Eldjárn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á morgun klukkan 14.



# Mexíkóskar þroskasögur

**Nemendur í spænsku og kvikmyndafræði standa fyrir mexíkóskum kvikmyndadögum sem hófust í gær og standa fram á laugardag. Ætlunin er að veita innsýn í blómlega kvikmyndagerð landsins.**

„Mexíkóborg er í brennidepli í mörgum þeirra kvikmynda sem sýndar eru á þessum mexíkósku kvikmyndadögum. Þær eru mjög áhugaverðar og veita mörgum nýja sýn á það hvernig lífið í þessari risastóru borg gengur fyrir sig,“ segir Vala Smáradóttir, nemi við Háskóla Íslands (HÍ), sem er ein þeirra sem standa fyrir mexíkóskum kvikmyndadögum í HÍ. Dagskráin stendur fram á laugardag og er ætlað að veita innsýn í blómlega kvikmyndagerð Mexíkós um þessar mundir, án þess þó að vanrækja fyrri tíma og sögulegar hefðir.

Það eru nemar í spænsku og kvikmyndafræði við HÍ sem skipuleggja dagskrána í tengslum við sameiginlegan áfanga sem nefnist Kvikmyndir rómönsku Ameríku. Samhliða áfanganum reka nemarnir kvikmyndaklúbbinn Cine Club Hispano sem hefur staðið fyrir vikulegum kvikmyndasýningum síðan um áramót.



Vala (í fremri röð lengst til hægri) ásamt samnemendum sínum og kennara þeirra, Hólmfríði Garðarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við höfðum einungis lítillega kynnt okkur mexíkóskar kvikmyndir í náminu og þótti því tilvalið að hafa landið sem þema á kvikmyndadögunum,“ segir Vala. „Um aldamótin varð ákveðin sprenging í kvikmyndagerð í Mexíkó. Margar myndanna eru þroskasögur sem eiga sér stað í Mexíkóborg og henta vel til að kynna mexíkóska kvikmyndagerð. Þó sýnum við einnig tvær myndir frá sjötta og sjöunda áratugnum á laugardaginn, þar sem karakterinn Cantinflas er í aðalhlutverki. Cantinflas þessi var nokkurs konar Chaplin þeirra Mexíkóbúa og Chaplin sjálfur lét eitt sinn hafa eftir sér að Cantinflas væri einn fyndnasti maður heims. Það er mikill fengur að þessum myndum, því nokkuð erfitt er að nálgast þær.“

Í dag verða sýndar tvær myndir frá árinu 2001, Og mamma þín líka, eða Y tu mamá también, og Fjóluilmur, eða Perfume de violetas. Sýningarnar fara fram klukkan 18 og 20 í stofu 101 í Lögbergi. Nánari upplýsingar er að finna á vef HÍ, hi.is. *kjartan@frettabladid.is*

## Bæði góðlátlegt grín og pælingar

ELLEFU STUTT VERK VERÐA FRUMSÝND Í BÆJARLEIKHÚSINU Í MOSFELLSBÆ KLUKKAN 21 Í KVÖLD. UPPFÆRSLAN HEITIR GLEFSUR.

„Ert þú foli 666?“ er spurning sem borin er upp í einum af ellefu einþáttungum Leikfélags Mosfellssveitar. Í honum er fólk að hittast í fyrsta sinn eftir spennandi samskipti á Netinu. Einþáttungar Mosfellinganna eru mislangir og efnið mjög fjölbreytt, spannar allt frá léttu gríni til áleitinna pælinga, en á það sameiginlegt að glefsa í áhorfandann með einhverjum hætti. Höfundar eru María Guðmundsdóttir og Pétur R. Pétursson og leikstjórar Bóel Hallgrímsdóttir, Guðný María Jónsdóttir og Ólöf A. Þórðardóttir.

Sýningar verða á sunnudögum í vor og hægt er að panta miða í síma 566 7788. *- gun*



Dóra Wild í einu hlutverki sínu. MYND/JÓH.VALG.


**Góður Kostur** á góðum afslætti



-35% afsláttur
Lambalæri kryddað, frá Kosti 1.238 kr/kg

Lambafile m/fitu kryddlegið, frá Goða 2.848 kr/kg
-20% afsláttur

Ferskur kjúklingur frá Móa 694 kr
-35% afsláttur

Pítubuff og brauð 6 stk, frá Goða 769 kr
-30% afsláttur

Bananar 199 kr/kg
-30% afsláttur

Tilboðin gilda til 12. apríl eða á meðan birgðir endast, auglýst verð er tilboðsverð.

Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið virka daga 11-18.30 | laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18

kostur
Styðjum heilbrigða samkeppni



;ALLT TÍSKA Fimmtudaga

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447





**teg. 10253** - mjúkur og yndislegur í BCD skálum á **kr. 3.950,-** buxur í stíl á **kr. 1.950,-**



**teg. 26021** - létt fylltur og sumarlegur í BC skálum á **kr. 3.950,-** buxur í stíl á **kr. 1.950,-**

Misty - fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 2070**
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur



**Glæsilegar yfirhafnir**

**Stuttkápur**
**Gallajakkar • Bolir**

Verð 19.900 kr.

TOPPHÚSIÐ

**Mörkinni 6 - Sími 588 5518**
**Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16**

Eirberg

**Rafknúnir hægindastólar** sem auðvelda þér að setjast og standa upp

***Fjölbreytt úrval***



**Opið virka daga frá kl. 9 -18**
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 9. apríl 2010



Eva Hauksdóttir er norn og anarkisti og sendi nýlega frá sér bók með eigin nektarmyndum

# DRÆSUNNI ER EKKI BOÐIÐ

+ ERNA ÓMARSDÓTTIR Á BOSTON + NÝJASTA HÁRTÍSKAN Í SUMAR + RÓMANTÍSKIR HLUTIR FYRIR HEIMILIÐ




Toshiba Satellite L450D-11G
- 2.1GHz Mobile AMD Sempron SI-42
- 2GB vinnsluminni
- 160GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- ATI Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort
- Þráðlaust netkort og vefmyndavél
- DVD/CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Kr. 87.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ Nýjustu straumarnir

## STEINGERÐUR SONJA ÞÓRISDÓTTIR NEMI

„Tilgangur helganna er að gera allt það tilgangslausa sem maður vill gera. Svo ætli ég geri ekki eitthvað tilgangslaust og fari svo kannski á Bakkus. Ég er nefnilega svo ótrúlega flink að dansa.“

helgin MÍN



### Dani leiktar að nöktum konum

Danski ljósmyndarinn Søren Rønholt kemur til Íslands í dag og leitar að konum til að mynda. Tíu konur



**20.00** Gítarleikararnir **Santiago Gutiérrez Bolio** og **Santiago Lascurain** flytja verk eftir Ponce, Lavista, Gutiérrez Bolio og fleiri á tónleikum sem fara fram í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.



**22.00** Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika á **Bar gallery 46** við Hverfisgötu 46. Enginn aðgangseyrir.

**22.00** Hljómsveitin **Dikta** heldur tónleika á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri.

**22.00** Hljómsveitin **Hjaltalín** heldur tónleika á **Rósenberg** við Klapparstíg.

**22.30** Þungarokksveisla á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Fram koma hljómsveitirnar **Sororicide**, **Sólstafir**, **In Memoriam** og **Bastard**.

### → Sýningar

**16.00** Nemendur á **Myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Garðabæ** opna sýningu í **Gallerí Tukt**, Hinu Húsinu við Pósthússtræti 3-5. Allir velkomnir. Sýningin verður opin virka daga kl. 9-18.

### → Kvikmyndir



Nemendur í kvikmyndafræði og spænsku við Háskóla Íslands standa fyrir **Mexíkóskum kvikmyndadögum** og verða með sýningar á eftirfarandi myndum:

**18.00 Og mamma þín líka** (sp. Y tu mamá también, 2001)

**20.00 Fjóluilmur** (sp. Perfume de violetas, 2001)

Sýningar fara fram í **Lögbergi** við Sæmundargötu 8, st. 101. Enskur texti, aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### → Dansleikir

Hljómsveitin **Dísel** verður á skemmtistaðnum **SPOT** við Bæjarlind í Kópavogi.

### → Ljósmyndasýningar

**Elsa Björg Magnúsdóttir** sýnir verk í Skotinu, sýningarrými **Ljósmyndasafns Reykjavíkur** við Tryggvagötu (6. hæð). Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

**Anne Marie Sörensen** hefur opnað ljósmyndasýningu í **Eplinu** að Borgartúni 26. Opið alla virka daga frá kl. 09-18 og laugardaga kl. 09-15.

### → Málstofa

**13.20** Guðfræði- og trúarbragðafræðideild **Háskóla Íslands** er með málstofu um sýn guðfræðingsins Herder á þjóðerni og menningu. Fyrirlesari verður **dr. Thomas Zippert**. Málstofan verður í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ við Sæmundargötu 2 og er öllum opin.

**13.30** Málstofa um stöðu heimilanna í kjölfar bankahrunsins verður haldin í **Seðlabanka Íslands** við Sölvhól. Frummælendur eru **Karen Á. Vignisdóttir** og **Þorvarður Tjörvi Ólafsson**.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



## NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| DATE NIGHT LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |
| KÓNGAVEGUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 8 - 10.25 | 12 |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10.20 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOVELY BONES | kl. 10.15 | 12 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10 | L |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| EARTH | kl. 5.45 | L |
| SHUTTER ISLAND | kl. 8 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

## NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus




**LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6, 8 og 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.50, 8, 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ÍSL | kl. 4 og 6 - 3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D ÍSL | kl. 4 | L |
| NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG | kl. 3.50 | L |
| GREEN ZONE | kl. 8 og 10.10 | 12 |

## SAMBÍÓIN




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON M/ ensku. Tali | kl. 10:30 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 4:30 - 8:10 - 9 - 10:30 - 11:30 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:50 - 6 | L |
| ALICE IN WONDERLAND 3D | kl. 6:50 | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSSI**

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 5:50 - 8 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS - 3D | kl 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D M/ ísl. Tali | kl 6 | L |
| WHEN IN ROME | kl. 6 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl 8 - 10:20 | 12 |

já - er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118




# Hátíð fyrir þroskaða rokkara

„Þetta er í rauninni klassískt rokkfestival,“ segir Sigurður Sverrisson. Hann verður fararstjóri í hópferð fyrir um tuttugu íslenska rokkaðdáendur á High Voltage-hátíðina í London sem verður haldin í fyrsta sinn í júlí. Þar ber hæst tónleika Emerson, Lake og Palmer sem er beðið með mikilli eftirvæntingu því rokktríóið heldur upp á fjörutíu ára afmælið sitt með miklu sjónarspili á þessum tónleikum. Á meðal annarra hljómsveita á hátíðinni verða ZZ Top, Heaven & Hell, Uriah Heep, Foreigner, Quireboys, Marillion og Gary Moore.

Sigurður segir hátíðina stórkostlegt tækifæri fyrir þroskaða rokkaðdáendur á öllum aldri. „Þessi bönd hafa fylgt manni frá fermingu. Ég efa að það gefist mörg fleiri tækifæri til að sjá Emerson, Lake og Palmer og mér segir svo hugur að óðum styttist í að Ronnie James Dio (Heaven & Hell) dragi sig í hlé,“ segir Sigurður. „Það er svo auðvitað frábært að fá tækifæri til að ná á einu bretti mörgum þeirra hljómsveita sem hafa glatt rokkunnendur undanfarna áratugi. Ég hugsa að líta megi á þessa hátíð sem „lokaútkall“ á nokkrar hljómsveitir.“ Meðlimir Heaven & Hell eru nákvæmlega þeir sömu og spiluðu undir merkjum Black Sabbath í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi fyrir um tuttugu árum. Sigurður skipulagði einmitt þá tónleika. „Þetta verður vonandi ódýrara en síðast. Það voru dýrustu aðgöngumiðar í sögunni. Ég held ég hafi verið í þrjú ár að borga það niður,“ segir hann.

Miðaverð í hópferðina er 119.900 krónur og nánari upplýsingar má finna hjá ÍT-ferðum eða á sigsve@simnet.is. - fb



**EMERSON, LAKE & PALMER** Hljómsveitin fornfræga fagnar fjörutíu ára afmæli sínu um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY



**SIGURÐUR SVERRISSON** Sigurður verður fararstjóri á rokkhátíðina High Voltage Festival sem verður haldin í London í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**NEI DORRIT!** Auður Jónsdóttir leikstýrir verkinu Nei Dorrit! og fara Snorri Ásmundsson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Davíð Þór Jónsson með aðalhlutverkin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Frægt blaðaviðtal sett á svið

**Frægt viðtal við íslensku forsetahjónin úr tímaritinu Condé Nast er efniviður nýrrar leiksýningar í Iðnó. Barnabarn nóbelsskáldsins Halldórs Laxness leikstýrir verkinu.**

Leikritið Nei Dorrit! verður frumsýnt í Iðnó mánudaginn 12. apríl, en aðeins er um eina sýningu að ræða. Verkið er byggt á viðtalinu fræga sem blaðamaðurinn Joshua Hammer tók við forsetahjónin fyrir tímaritið Condé Nast og leikstýrir rithöfundurinn Auður Jónsdóttir verkinu. Þetta er í fyrsta sinn sem Auður sest í leikstjórastólinn, en hún segir hugmyndina að leikritinu hafa kviknað yfir kaffibolla á Hótel Holti. „Við erum nokkur sem hittumst alltaf í listamannakaffi á Hótel Holti og spjöllum um daginn og veginn og eitt umræðuefnið var meðal annars þetta viðtal. Okkur fannst það bæði skemmtilegt og sorglegt á sama tíma og ákváðum að setja upp heilt leikrit í kringum það. Orð forsetahjónanna virðast eitthvað svo ankannaleg núna tvemur árum eftir að viðtalið var tekið og viðhorf þeirra heldur naív,“ útskýrir Auður. Með hlutverk forsetahjónanna fara myndlistarmennirnir Snorri Ásmundsson og Ásdís Sif Gunnarsdóttir, tónlistarmaðurinn Davíð Þór Jónsson fer svo með hlutverk blaðamannsins Joshua Hammer. Aðspurð segist Auður ekki útiloka að fleiri leikrit verði sett á svið gangi þessi uppsetning vel. „Það væri gaman að fara í gagnagrunnana hjá dagblöðunum og ná í fleiri „leikrit“ og setja þau upp, eins og Sjóvár-málið kannski. Maður verður bara að finna bitastæðustu viðtölin,“ segir Auður og hlær.

Sýningin hefst klukkan 20.30 í Iðnó og er miðaverð 1.000 krónur.

sara@frettabladid.is





HVÍLDU TÖLVULEIKINA OG PRÓFAÐU SPILIN SEM SELD ERU Í NEXUS.
SPILAMÓT Í RIMASKÓLA, GRAFARVOGI UM HELGINA (10.-11. APRÍL)
AÐGANGUR ER 500 KR. FYRIR EINN DAG, 750 KR. FYRIR TVO DAGA.
FORRÁÐAMENN BARNA YNGRI EN 13 ÁRA FÁ FRÍTT INN MEÐ BARNINU.

Yu-Gi-Oh! · Dungeons & Dragons · Magic The Gathering · Warhammer · Warhammer 40.000

ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í CATAN KL. 11 Á SUNNUDAGINN.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NEXUS.IS OG FENR.IS ☎ 5529011

# Íslenskt í beinni hjá Kerrang!

Hljómsveitirnar Sign, Cliff Clavin, For a Minor Reflection, Ourlives, Noise, Ten Steps Away og Nevolution, koma fram á Localice-tónleikum á Nasa í kvöld. Tónleikarnir, sem eru þeir fyrstu hjá Sign í langan tíma, eru haldnir í samstarfi við rokktímaritið Kerrang! og verða þeir sýndir í beinni útsendingu á heimasíðunni Kerrang.com.

„Við erum búsettir í Bretlandi líka og höfum verið að vinna fyrir iTunes. Við töluðum við Kerrang! því okkur fannst góð hugmynd að sýna íslensk bönd úti án þess að þau þurfi að fljúga út. Þetta er eitthvað sem hefur ekki verið gert mikið áður,“ segir Arnar Helgi Hlynsson hjá Localice. „Þetta er mjög gott tækifæri fyrir þessi bönd. Þau hafa verið að spila mörg á Kerrang!-kvöldum á Airwaves. Þeir virðast hafa einhvern áhuga á íslensku rokki og metal.“



**RAGNAR SÓLBERG** Sign skartar nýjum trommuleikara á sínum fyrstu tónleikum í langan tíma í kvöld.

Localice hefur unnið mikið við framleiðslu á myndefni og upptökum fyrir tónlist bæði í Bretlandi og á Íslandi. Sex myndavélar á vegum fyrirtækisins verða á Nasa í kvöld og geta einungis þeir sem eru búsettir í Bretlandi séð tónleikana á Kerrang!-síðunni.

Stefnt er að því að svipaðir tónleikar verði haldnir á nokkurra mánaða fresti í framtíðinni. Húsið opnar klukkan 20.30 og tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21. **- fb**

# Laus og liðugur



**HÆTT SAMAN** Ed Westwick á að hafa slitið sambandi sínu við Jessicu Szhor. NORDICPHOTOS/GETTY

Gossip Girl-leikarinn Ed Westwick á að hafa hætt með kærustu sinni og mótleikkonu, Jessicu Szohr, í byrjun síðustu viku.

Szohr á að hafa daðrað við vin þeirra á skemmtistað á meðan Westwick var staddur í London við tökur á nýrri kvikmynd. Þegar leikarinn frétti af þessu á hann að hafa hringt í Szohr og slitið sambandinu. „Jessica hélt upp á afmæli sitt fyrir stuttu og var mjög vinaleg við vin þeirra Eds. Hegðun hennar vakti mikla athygli á meðal þeirra sem staddir voru í afmælinu og því frétti Ed fljótt af þessu. Hann hringdi strax í hana og sleit sambandinu en Jessica, sem neitaði öllu, varð svo miður sín að hún flaug strax næsta dag til London til að reyna að ná sáttum,“ var haft eftir heimildarmanni. Westwick og Szhor hafa verið saman frá árinu 2008.



**SVIKIN** Jennifer Love Hewitt segist hafa átt fimm kærasta sem héldu framhjá henni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Love óheppin í ástum

Leikkonan Jennifer Love Hewitt, sem fer með aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Ghost Whisperer, gaf nýverið út bókina How I Shot Cupid, þar sem hún fjallar á einlægan hátt um ástina. Leikkonan segist hafa verið svikin fimm sinnum af kærustum sínum og að það sé eitt það sárasta sem hún hafi upplifað. „Einu sinni komst ég að því í sjónvarpinu. Í annað skipti gekk ég inn á kærasta minn með annari konu. Í þriðja sinn fékk ég nagandi tilfinningu og skoðaði síma kærasta míns og komst þá að því að hann var einnig í sambandi við aðra. Þetta var allt hræðilegt.“

# Slúður særir

**Söngkonan Black Eyed Peas, Fergie, viðurkenndi í viðtali við tímaritið Elle að hún plati sjálfa sig til að borða ekki óholla fæðu og ímyndar sér til að mynda að franskar kartöflur séu eitraðar. „Ég ímynda mér stundum að franskar kartöflur séu eitraðar. Þegar ég borða eftirrétti þá fæ ég mér aðeins einn munnbita, en ég nýt hvers augnabliks á meðan ég borða hann.“**

**Hún sagði jafnframt að slúðurhöfundar uppnefni hana gjarnan og segi hana ljóta og að það þyki henni mjög sárt. „Það særir mig þegar fólk segir að ég sé ljót eða skrifar um það hversu illa ég lít út þennan eða hinn daginn. Ég hef þurft að læra að leiða slík ummæli hjá mér því auðvitað koma dagar þar sem útlitið er ekki fullkomið. Ég hef ekki tíma til að fara í förðun og snyrtingu alla daga.“**



**PLATAR SJÁLFA SIG** Fergie segist stundum plata sjálfa sig til að borða ekki óhollan mat. NORDICPHOTOS/GETTY
















Opnum á morgun hágæða fusion steikhús þar sem franskir og japanskir straumar renna saman.

Í tilefni af opnun okkar ætlum við að bjóða **3ja rétta** málsverð í apríl á aðeins **4.900 krónur.**

| Forréttur | Aðalréttur | Desert |
|---|---|---|
| Nautatartar (létt reyktur) Einiber, þurrkað capers, söl, pikklaður engifer, wasabi krem, sinneps karsi, mjólkurmalt ís | Nautalund 200gr. "piparsteik" Kartöflugratin, confit perlulaukur, brúnað grasker, graskersmauk, graskersfræ, flambé piparsósa | Súkkulaði himnasæla að hætti Örvars Birgissonar með öllu tilheyrandi |

Kynnið ykkur okkar glæsilega matseðil á **austursteikhus.is.**

Borðapantanir í síma **568 1907** eða á **pantanir@austursteikhus.is.**

Opnum klukkan 11:30 alla daga.

AUSTUR STEIKHÚS
AUSTURSTRÆTI 7 · 101 REYKJAVÍK

pantanir@austursteikhus.is | Austurstræti 7 | 101 Reykjavík | sími 568 1907 | austursteikhus.is

## > Stjarnan fallin úr deildinni

Stjarnan og Fram mættust í úrslitaleik um fall í gær og unnu Safamýrarpiltar þar sigur og tryggðu áframhaldandi veru sína í deildinni. Úrslitin urðu 22-24 í Mýrinni eftir að heimamenn höfðu tveggja marka forystu í hálfleik. Um miðjan seinni hálfleik náðu Framarar yfirhöndinni og slepptu henni ekki. Stjarnan er því fallin. Ljóst er að Selfoss tekur sæti Stjörnunnar í N1-deildinni en Selfyssingar hafa tryggt sér sigur í 1. deildinni. Gróttumenn töpuðu á Hlíðarenda og fara í sérstakt umspil við lið úr 1. deild um laust sæti í efstu deild fyrir næstu leiktíð.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ARON KRISTJÁNSSON:** FAGNAÐI DEILDARMEISTARATITLI ÞRÁTT FYRIR TAP GEGN AKUREYRINGUM

# *Nú er það bara stóri titillinn sem er eftir*

„Ég er gríðarlega ánægður með fyrri hálfleikinn og mér fannst ungu strákarnir sýna mikinn karakter, vilja og baráttu. Þeir voru með Akureyringana í rassvasanum í fyrri hálfleik. Þeir voru eitthvað spenntir og við gengum á lagið,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir að hafa tekið við enn einum gullpeningnum. En í þetta skiptið var það eftir tapleik því leiknum lauk með sigri Akureyrar í baráttuleik. Haukaliðið byrjaði leikinn af miklum krafti en missti tökin á leiknum í síðari hálfleik. Akureyringar kláruðu dæmið með stæl og tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni.

„Í síðari hálfleik þá breyttist spilamennskan aðeins hjá okkur. Allt sem gekk illa hjá okkur, sem dæmi sending eða skot, styrkti það gestina og bjó til óöryggi hjá okkur. En við erum að gefa ungu strákunum fullt af mínútum og þeir stóðu sig vel. Við vorum búnir að koma okkur í þessa stöðu með frábærri frammistöðu í vetur og gátum leyft okkur það. Við höldum því áfram eins og við höfum gert síðustu ár að gefa ungu strákunum tækifæri þegar við getum,“ bætti Aron við en hann hvíldi marga af sínum lykilmönnum í gær. Hann segir skipta miklu máli að leyfa ungu strákunum að spila og því verður haldið áfram á Ásvöllum.



„Mér fannst skipta meira máli í dag að gefa ungu strákunum reynslu og ábyrgð en að nota alla leikmennina og vinna leikinn. Það gerir það að verkum að þeir verða meira tilbúnir í komandi verkefni. Hins vegar fer maður auðvitað alltaf í alla leiki til þess að sigra.

Strákarnir kláruðu sem dæmi bikarkeppnina milli jóla og nýárs með sigur á lokasekúndunni gegn Akureyri en núna fór það á hinn veginn. En nú byrjum við strax að undirbúa okkur fyrir úrslitakeppnina, við erum búnir með þá titla sem hafa verið í boði en nú er sá stóri eftir,“ sagði Aron eftir að hafa lyft bikarnum í gær. **- rog**

## N1-DEILD KARLA

*Lokaumferðin*

| | |
|---|---|
| Haukar - Akureyri | 30-34 (16-10) |

Mörk Hauka (skot): Þórður Rafn Guðmundsson 7 (11), Stefán Rafn Sigurmannssson 5 (9), Heimir Óli Heimisson 4 (4), Pétur Pálsson 4 (5), Gísli Jón Þórisson 4 (8), Björgvin Þór Hólmgeirsson 3 (4), Guðmundur Árni Ólafsson 3/2 (6/3).
Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 11 skot varin. Stefán Huldar Stefánsson 11/1 skot varin.
Mörk Akureyrar (skot): Árni Þór Sigtryggsson 10 (15), Jónatan Þór Magnússon 7/1 (10/2), Oddur Gretarsson 6/1 (8/2), Hörður Fannar Sigþórsson 3 (5), Rúnar Sigtryggsson 2 (2), Heimir Örn Árnason 2 (6), Halldór Árnason 1 (1).
Varin skot: Hafþór Einarsson 11 skot varin.
on 1, Hákon Stefánsson 1

| | |
|---|---|
| Stjarnan - Fram | 22-24 |

Mörk Stjörnunnar: Daníel Einarsson 4, Sverrir Eyjólfsson 4, Vilhjálmur Halldórsson 4/2, Tandri Konráðsson 3, Þórólfur Nielsen 3, Kristján Svan Kristjánsson 2, Guðmundur S. Guðmundsson 1, Jón Arnar Jónsson 1.
Mörk Fram: Einar Rafn Eiðsson 5/3, Stefán Baldvin Stefánsson 5, Haraldur Þorvarðarson 4, Andri Berg Haraldsson 2, Daníel Berg Grétarsson 2, Guðjón Finnur Drengsson 2, Róbert Aron Hostert 2, Halldór Jó hann Sigfússon 1, Hákon Stefánsson 1

| | |
|---|---|
| HK - FH | 22-25 |

Markahæstir hjá HK: Bjarki Már Elísson 7, Sverrir Hermannsson, Valdimar Fannar Þórsson 4.
Markahæstur hjá FH: Ólafur Gústafsson 7.

| | |
|---|---|
| Valur Grótta | 25-20 |

**LOKASTAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **21** | **14** | **2** | **5** | **548-514** | **30** |
| Valur | 21 | 12 | 3 | 6 | 518-484 | 27 |
| **Akureyri** | **21** | **11** | **2** | **8** | **567-539** | **24** |
| HK | 21 | 11 | 2 | 8 | 557-538 | 24 |
| **FH** | **21** | **11** | **1** | **9** | **577-559** | **23** |
| Fram | 21 | 7 | 1 | 13 | 553-579 | 15 |
| **Grótta** | **21** | **7** | **0** | **14** | **523-558** | **14** |
| Stjarnan | 21 | 5 | 1 | 15 | 497-569 | 11 |

# Var hrint ofan í eigin ljónagryfju

**Útlitið er orðið dökkt hjá Njarðvíkingum sem töpuðu á heimavelli fyrir Keflavík í öðrum leik liðanna í undanúrslitarimmu Íslandsmótsins. Keflavík er komið í 2-0 í einvíginu og þarf einn sigur til viðbótar.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar geta á sunnudag tryggt sér sæti í úrslitaeinvígi Íslandsmótsins. Þeir skruppu yfir til Njarðvíkur í gær, léku hreint frábærlega og unnu glæsilegan sigur. Úrslitin 79-103 í Ljónagryfjunni í Njarðvík.

Gunnar Einarsson var besti maður vallarins, gerði 26 stig fyrir Keflvíkinga. „Það datt mestallt í dag. Við mættum virkilega tilbúnir í þennan leik og það gekk allt upp, bæði varnarlega og sóknarlega,“ sagði Gunnar í viðtali við Guðjón Guðmundsson á Stöð 2 Sport í gær.

„Við vorum lengi í gang í fyrsta leikhluta en þeir brotnuðu fyrr. Við höfum fína breidd og það getur hver sem er stigið upp í þessu liði og gert góða hluti. Við þurfum að vinna einn leik í viðbót og hann verður á sunnudaginn.“

Það var mikil stemning í Njarðvík og hart barist eins og alltaf þegar þessir grannar etja kappi. Njarðvíkingar töpuðu fimm boltum snemma leiks og Keflvíkingar byrjuðu betur. Heimamenn náðu svo að skipuleggja leik sinn betur, náðu mikilvægum sóknarfráköstum en voru samt sem áður einu stigi undir eftir fyrsta leikhluta sem einkenndist af þéttum varnarleik.

Í öðrum fjórðungi voru Keflvíkingar með öll tök og Gunnar Einarsson í ham. Njarðvíkingar áttu í miklum vandræðum með að skora. Þeim gekk illa að loka á þriggja stiga skot gestanna og Nick Bradford og Magnús Gunnarsson voru ekki að finna sig og þar munar um minna. Mikill hiti var í mönnum en Keflvíkingar voru með fimmtán stiga forystu í hálfleik, staðan 36-51.



**MIKLIR YFIRBURÐIR** Uruele Igbavboa, leikmaður Keflavíkur með boltann, en hans menn höfðu tögl og haldir gegn grönnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þeir héldu svo uppteknum hætti eftir hlé, sýndu sparihliðarnar og mótherjar þeirra áttu engin svör. Keflavík jók forskotið enn frekar og staðan 52-77 fyrir lokafjórðunginn. Bilið var orðið of mikið til að hægt væri að brúa það og formsatriði fyrir gestina að klára leikinn. Leiknum lyktaði með 24 stiga sigri Keflavíkur sem er í ansi vænlegri stöðu.

„Þetta var bara lélegt. Það hafði enginn fyrir hlutunum hjá okkur, þegar menn leggja ekki sig fram þá er þetta ekki erfitt heldur bara lélegt,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkinga.

Hans menn eru í erfiðri stöðu eftir þessi úrslit í gær. Keflvíkingar eru komnir í 2-0 og geta á sunnudag tryggt sér sæti í úrslitunum. Þá mætast þessi lið í þriðja leik sínum en Njarðvíkingar hljóta að mæta dýrvitlausir til leiks enda ekki á óskalistanum að tapa 3-0 fyrir einum af erkifjendum sínum.

**elvargeir@frettabladid.is**

| | |
|---|---|
| Njarðvík - Keflavík | 79-103 (36-51) |

Stig Njarðvíkur: Guðmundur Jónsson 13, Nick Bradford 13 (5 fráköst), Friðrik E. Stefánsson 13 (12 fráköst), Jóhann Árni Ólafsson 9, Magnús Þór Gunnarsson 8, Hjörtur Hrafn Einarsson 8, Egill Jónasson 7 (6 fráköst), Páll Kristinsson 3 (4 fráköst), Kristján Rúnar Sigurðsson 3, Elías Kristjánsson 2.

Stig Keflavíkur: Gunnar Einarsson 26, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 20 (8 fráköst), Draelon Burns 17 (8 fráköst), Hörður Axel Vilhjálmsson 15 (5 fráköst, 6 stoðsendingar), Uruele Igbavboa 14 (8 fráköst, 5 stoðsendingar), Jón Nordal Hafsteinsson 6 (6 fráköst), Sverrir Þór Sverrisson 2 (5 stoðsendingar, 5 stolnir), Davíð Þór Jónsson 2, Guðmundur Auðunn Gunnarsson 1.








**KUYT** Fagnar fyrsta markinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Liverpool vann Benfica:

## Öruggur sigur

**FÓTBOLTI** Liverpool er komið áfram í undanúrslit Evrópudeildarinnar en liðið vann seinni leikinn gegn Benfica 4-1 á Anfield í gær, samtals 5-3 sigur úr leikjunum tveimur.

Dirk Kuyt og Lucas Leiva skoruðu tvö fyrstu mörk leiksins en Fernando Torres skoraði tvívegis í seinni hálfleik og mætir sínu gamla félagi, Atletico Madrid, í undanúrslitum keppninnar.

Atletico Madrid og Valencia gerðu markalaust jafntefli en þar sem fyrri leikurinn fór 2-2 kemst Atletico áfram á útivallarmörkum.

Fulham fer einnig áfram eftir 1-0 útisigur gegn Wolfsburg þar sem Bobby Zamora skoraði eina markið strax á fyrstu mínútu leiksins.

Fulham vann einvígið samtals 3-1 og mætir Hamburg í undanúrslitum. Hamburg vann 2-1 útisigur gegn Standard Liege, samtals 4-2 sigur. **- egm**



# Hjólaðu út í vorið

## Hjóla- og línuskautadeildin er í Holtagörðum!

JAMIS BICYCLES
WWW.JAMISBIKES.COM

***Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólunum***
*Öll hönnun miðar að því að öryggi barna okkar sé sem mest. Stellin eru t.d. sérstaklega lág við sætin til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.*



***Jamis Lady Bug***
*12", 2–5 ára. Bleikt.*
**Verð: 19.990 kr.**



***Jamis Miss Daisy***
*16", 3–6 ára. Bleikt.*
**Verð: 25.990 kr.**



***Jamis X20***
*20", 6–9 ára, álstell, 6 gíra. Blátt/hvítt og rautt/hvítt.*
**Verð: 37.990 kr.**



***Bladerunner Twist***
*Stækkanlegir barnaskautar. Tveir litir.*
**Verð: 11.990 kr.**



***Bladerunner Phaser***
*Stækkanlegir barnaskautar. Tveir litir.*
**Verð: 12.990 kr.**



***Bladerunner Formula 80***
*Stærðir 36–46. Tveir litir.*
**Verð: 18.990 kr.**

ROLLERBLADE
THE SKATE CO.

***Línuskautana fyrir alla fjölskylduna!***
*Rollerblade er eitt þekktasta merki heims í línuskautum. Þar gengur þú að gæðunum vísum á góðu verði.*

## Línuskautamarkaður

***Eldri gerðir af Rollerblade línuskautum á frábæru verði!***
**Verð frá: 3.500 kr.**

***Hlífar og hjálmar***
**Verð frá: 500 kr.**

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 49948 04/10

> Ewan McGregor

„Ég er viss um að allir foreldrar finna fyrir ótta ef þeir heyra börnin sín segja að þau vilji verða leikarar. Starf leikarans er óöruggt og við foreldrar viljum að börnin okkar séu örugg og metin að verðleikum.“

***McGregor fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Adam ungi sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.***



**dags**

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON BÍÐUR EFTIR SUNNUDÖGUM

# *Glæpurinn tekur öll völd*

RÚV á hrós skilið fyrir tvennt um þessar mundir. að kynna fyrir Íslendingum danska tvíeykið í Klovn og færa okkur Forbrydelsen eða Glæpinn. Þetta tvennt kennir okkur Íslendingum eitt; að það þarf ekki alltaf að tala ensku til að vera fyndinn eða spennandi. Beittur húmor eða margslunginn söguþráður með lýtalausri frammistöðu leikara nægir yfirleitt til að halda áhorfendum við efnið, tungumálið verður aukaatriði ef þessi skilyrði eru uppfyllt.

Að halda tryggð við sjónvarpsþáttaröð er mikil vinna. Hún krefst þess að maður útiloki sig frá umheiminum á sama tíma, á sama degi í hverri viku. Maður gerir sig nánast óvirkan frá samfélagi mannanna; enginn má hringja, senda manni smáskilaboð eða reyna að hefja vitsmunalegar samræður á msn eða Facebook á þeim fjörutíu og fimm mínútum sem þátturinn stendur yfir. Fáum sjónvarpsþáttum hefur tekist að hafa slík áhrif á daglegt líf; ég reyndi með Lost (Lífsháska), FlashForward (Framtíðarleiftur) og 24. En mér tókst ekki að fylgja skipsbrotsfólkinu í Lífsháska á leiðarenda og er í raun skítsama hvort það brenni í hreinsunareldinum eða ekki, Joseph Fiennes var einfaldlega of væminn fyrir spennuþætti á borð við Framtíðarleiftur (hann er líka á dauðalistanum eftir Shakespeare in Love) og Jack Bauer er alltaf að berjast við sama óvininn í öllum seríum.



**SNILLD** Nicolas Bro fer hamförum í Forbrydelsen II sem dómsmálaráðherrann Thomas Buch.

Forbrydelsen, bæði númer eitt og tvö, hefur hins vegar slíkt aðdráttarafl að maður er reiðubúinn til að slökkva á öllum samskiptatækjum og einangra sig frá umhverfinu. Og Klovn fær mann til að skella upp úr, jafnvel þótt heilbrigð skynsemi, rökhyggja og almenn umhyggja fyrir náunganum ætti að bæla slíkan hlátur. Niðurstaðan er því þessi; það er söknuður að Klovn-bræðrum. Og ég kvíði fyrir því þegar síðasti þáttur af Glæpnum fer í loftið. En það verður sem betur fer stutt í HM þegar það gerist.

## FÖSTUDAGUR



▶ **20.00** Wipeout USA STÖÐ 2



▶ **20.00** 2010 Augusta Masters, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.00** Djúpa laugin SKJÁREINN



▶ **21.50** Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.55** Adam ungi SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Leiðarljós** (e)

**16.35 Leiðarljós** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (6:26)

**17.35 Gæludýr úr geimnum** (20:26)

**18.00 Leó** (3:52)

**18.05 Tóta trúður** (17:26)

**18.30 Galdrakrakkar** (7:13)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Úrslitaþáttur spurningakeppni sveitarfélaganna. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.

**21.25 Furðulegir félagar** (Strange Companions) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1978. Flugmaður og strokubarn lenda í ævintýrum og háska í óbyggðum Kanada eftir nauðlendingu. Aðalhlutverk: Doug McClure, Marj Dusay og Ted Stidder.

▶**22.55 Adam ungi** (Young Adam) Bresk bíómynd frá 2003. Flakkarinn Joe fær vinnu á fljótapramma sem fer á milli Edinborgar og Glasgow. Dag einn finnst lík ungrar konu í ánni og Joe veit greinilega meira um málið en hann lætur uppi. Aðalhlutverk: Ewan McGregor, Tilda Swinton, Peter Mullan, Emily Mortimer og Jack McElhone.

**00.30 Upp á líf og dauða** (DOA: Dead or Alive) Bandarísk hasarmynd frá 2006 byggð á vinsælum tölvuleik. Fjórar stúlkur taka þátt í keppni í bardagaíþróttum og komast í hann krappan. Aðalhlutverk: Jaime Pressly, Devon Aoki, Holly Valance, Sarah Carter og Natassia Malthe.

**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Notes of a Scandal**

**10.00 Norbit**

**12.00 Hoodwinked**

**14.00 Notes of a Scandal**

**16.00 Norbit**

**18.00 Hoodwinked**

**20.00 Your Friends and Neighbors** Myndin sem segir frá þremur óhamingjusömum pörum sem ákveða að hressa aðeins uppá ástarlífið með að rugla saman reitum.

**22.00 Vlad**

**00.00 Billy Bathgate**

**02.00 The Squid and the Whale**

**06.00 Madison**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Elías, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Tim Gunn's Guide to Style** (6:8)

**11.05 Amne$ia** (3:8)

**11.50 Chuck** (8:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Wildfire**

**13.45 La Fea Más Bella** (152:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (153:300)

**15.25 Ríkið** (5:10)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir og Aðalkötturinn.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.

**17.58 The Simpsons** (13:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur þar sem allt er leyfilegt.

▶**20.00 Wipeout USA** Bandaríska útgáfan af busluganginum botnlausa. Ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist.

**20.50 Logi í beinni** Í þættinum í kvöld verða rifjuð upp eftirminnilegustu atriði vetrarins.

**21.40 Me, Myself and Irene** Charlie Baileygates er lögreglumaður sem er samviskusamur fjölskyldufaðir en þegar hann gleymir að taka meðalið sitt breytist hann í Hank Baileygates, sjálfselskan rudda með kynlíf á heilanum. Aðalhlutverk: Jim Carrey og Reneé Zellweger.

**23.35 Dead Silence**

**01.05 The Hills Have Eyes 2**

**02.35 Zodiac**

**05.10 The Simpsons** (13:25)

**05.35 Fréttir og Ísland**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Liverpool - Benfica** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

**14.40 Shell Houston Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**15.35 Inside the PGA Tour 2010** Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

**16.00 2010 Augusta Masters** Útsending frá fyrsta keppnisdegi Augusta Masters.

**18.30 FA Cup - Preview Show 2010** Hitað upp fyrir ensku bikarkeppnina.

**19.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**19.30 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu.

▶**20.00 2010 Augusta Masters** Bein útsending frá öðrum keppnisdegi Augusta Masters þar sem Tiger Woods er mættur til leiks.

**23.30 Ultimate Fighter - Sería 10** Margir af bestu bardagamönnum heims etja kappi í þessari mögnuðu íþrótt.

**00.20 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Arsenal - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.40 Sunderland - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.

**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**21.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**21.50 PL Classic Matches: West Ham - Bradford, 1999**

**22.20 PL Classic Matches: Leeds - Liverpool, 2000**

**22.50 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**23.20 Portsmouth - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (11:17) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (11:17) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.00 What I Like About You** (e)

**16.20 7th Heaven** (16:22)

**17.05 Dr. Phil**

**17.50 Með öngulinn í rassinum** (e)

**18.20 One Tree Hill** (14:22) (e)

**19.00 I´m A Celebrity... Get Me Out Of Here** (2:14)

**19.45 King of Queens** (13:25) (e)

**20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir** (10:14) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndbrot sem kitla hláturtaugarnar.

**20.35 Rules of Engagement** (8:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.

▶**21.00 Djúpa laugin** (8:10) Stefnumótaþáttur í beinni útsendingu. Ragnhildur Magnúsdóttir og Þorbjörg Marínósdóttir hjálpa einstæðum Íslendingum að finna ástina í skemmtilegum leik.

**22.00 Parks & Recreation** (3:6) Leslie býður blaðakonu að skrifa frétt um leikvöllinn sem hún vill byggja en lendir í vandræðum með að koma skilaboðunum á framfæri. (e)

**22.25 Leverage** (11:15) (e)

**23.10 The L Word** (11:12) (e)

**00.00 Saturday Night Live** (13:24) (e)

**00.50 King of Queens** (13:25) (e)

**01.15 Premier League Poker** (14:15)

**02.55 Girlfriends** (6:22) (e)

**03.15 Jay Leno** (e)

**04.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN: Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.

**21.00 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi Magnússon í eldhúsinu á Hereford steikhús. Endursýndur þáttur.

**21.30 Grínland** Íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



Helgarblað:
**Skýrslan fræga birt á mánudag.**
– Fréttablaðið skyggnist á bak við tjöldin
**Tungumál er lykill að heiminum.**
– Vigdís Finnbogadóttir í helgarviðtali

Ferðalög:
**Rómantískur ferðamáti.**
– vinsælustu lestarferðirnar um Evrópu
**Rokk og ról í sumar.**
– hvaða tónlistarhátíðir eru í gangi?



**Allt sem þú þarft...**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### Logi í beinni



Í vetur hefur fjöldinn allur af landsþekktum leikurum, söngvurum og valinkunnu fólki komið í heimsókn til Loga. Í þættinum í kvöld verða rifjuð upp eftirminnilegustu augnablikin úr þáttum vetrarins; Benedikt Erlings, Barði í Bang Gang, Egill „Gillzenegger“ Einarsson ásamt mörgum öðrum og rjómanum úr íslensku tónlistarlífi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Útsvar – úrslit

### Sjónvarpið kl. 20.10

Þá er komið að úrslitaviðureigninni í Útsvari, spurningakeppni sveitarfélaganna. Það eru lið Garðabæjar og Reykjavíkur sem munu takast á um Ómarsbjölluna í þættinum í kvöld. Sem fyrr eru umsjónarmenn þau Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Girni, grúsk og glorúr
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Þau völdu Ísland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Leynifélagið
**19.30** Námur: Tónleikar til heiðurs Jóni Nordal
**21.10** Hringsól
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Lois and Clark: The New Adventure** (7:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet milli þess sem hann bjargar málum sem Ofurmennið. Hann er ástanginn af samstarfskonu sinni, Lois Lane, sem hefur ekki hugmynd um að hann leikur tveimur skjöldum.

**18.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir þá sem vilja vera með á nótunum og kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Lois and Clark: The New Adventure** (7:21)

**20.30 Daily Show: Global Edition**

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan** Raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem nú hafa söðlað um og ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna.

**22.20 Coco Chanel** Seinni hluti vandaðrar framhaldsmyndar um Coco Chanel, eða Gabrielle Bonheur Chanel, eina áhrifamestu konu í tískuheiminum til dagsins í dag. Líf hennar var ekki alltaf dans á rósum en hún var ákveðin að láta til sín taka í heimi hátískunnar.

**23.55 NCIS** (14:25)

**00.40 Auddi og Sveppi**

**01.10 Logi í beinni**

**01.50 Fréttir Stöðvar 2**

**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.35** The Black Adder **13.05** The Weakest Link **13.50** New Tricks **14.40** Only Fools and Horses **15.10** Only Fools and Horses **15.40** The Black Adder **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** My Hero **18.00** Coupling **18.30** Coupling **19.00** The Smoking Room **19.30** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **19.55** Little Britain **20.25** The Jonathan Ross Show **21.15** New Tricks **22.05** Jonathan Creek **23.05** The Jonathan Ross Show **23.55** The Smoking Room

## DR 1

**12.00** Rabatten **12.30** Kongehuset indefra **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **15.00** Chiro **15.05** Tagkammerater **15.15** Benjamin Bjorn **15.30** Det kongelige spektakel **15.40** Timmy-tid **15.50** Johannas husdyr **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2009 **19.00** TV Avisen **19.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.15** Soning **21.45** Livsfarlig frekvens **23.40** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** Noma på kokepunktet **13.00** NRK nyheter **13.10** Dynastiet **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Herskapelige gjensyn **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Forkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Lyngbo og Hærlands Big Bang **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Detektimen. Sporlost forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** Etter katastrofen **22.20** Sivert Hoyem i Sentrum **23.20** Takk Gud, det er fredag! **23.45** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**12.15** Landet runt **13.00** Antikrundan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Skavlan **20.00** L.A. Konfidentiellt **22.15** Sverige! **22.45** Millennium




## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég horfi á Antiques Roadshow á BBC. Fólk kemur með gamla muni sem það hefur kannski fundið á háaloftinu og sérfræðingar meta þá fyrir það. Þetta er ógeðslega skemmtilegur þáttur og það er svo mikill fróðleikur sem fylgir með. Síðan er ég líka dottin inn í Modern Family.“*

Margrét Eir Hjartardóttir, söngkona.

# Rökkvi skorar á Dóra DNA í újítsú

„Ef hann getur ekki pakkað saman hálfgráhærðum karli á fertugsaldri eins og mér ætti hann bara að skammast sín,“ segir uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson. Hann hefur skorað á annan uppistandara, Dóra DNA, að keppa við sig í brasilískri újítsú-glímu.

Rökkvi vann nýverið tvenn gullverðlaun á újítsú-móti í Hafnarfirði og er því með sjálfstraustið í botni. Dóri hefur einnig stundað íþróttina auk þess sem hann hefur lýst bardagaíþróttum í sjónvarpi. „Maður er loksins farinn að vinna eitthvað á gamalsaldri. Betra er seint en aldrei,“ segir Rökkvi um gullverðlaunin sem hann vann í -81 kg flokki og í opnum flokki hvítra belta. Dóri er töluvert þyngri en Rökkvi og gæti viðureignin því orðið athyglisverð. „Ég veit ekki alveg hvað hann er góður í þessu en ég hugsa að hann sé tuttugu kílóum þyngri en ég. Þetta ætti að verða spennandi glíma ef hann tekur áskoruninni.“

Rökkvi vill ekki meina að allt púðrið myndi fara í að segja brandara í viðureign þessara tveggja uppistandara, en Dóri hefur stigið á svið fyrir hönd Mið-Íslands. „Það verður kannski fyrir bardagann og eftir hann. Ef maður nær yfirburðastöðu gæti maður kannski hæðst að honum.“

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Dóri ekki ætla að taka áskoruninni en vildi annars ekkert tjá sig um málið. - fb





**TIL Í SLAGINN** Gullverðlaunahafinn Rökkvi Vésteinsson hefur skorað á rapparann og uppistandarann Dóra DNA að mæta sér í újítsú-glímu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** knattleiksknött, **6.** pfn., **8.** síðan, **9.** umrót, **11.** mjöður, **12.** matarílát, **14.** vísuðu, **16.** skammstöfun, **17.** drulla, **18.** örn, **20.** númer, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tæla, **3.** kraðak, **4.** klögun, **5.** eldsneyti, **7.** bergtegund, **10.** atvikast, **13.** kvk nafn, **15.** murra, **16.** persónufornafn, **19.** 49.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** pökk, **6.** ég, **8.** svo, **9.** los, **11.** öl, **12.** askur, **14.** bentu, **16.** þe, **17.** aur, **18.** arí, **20.** nr, **21.** ugla.
**LÓÐRÉTT: 1.** véla, **3.** ös, **4.** kvörtun, **5.** kol, **7.** gosberg, **10.** ske, **13.** una, **15.** urra, **16.** þau, **19.** íl.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

ANDREA BRABIN: FRÁBÆR ÁRANGUR HJÁ STELPUNUM

# Sif Ágústs og Matta sitja fyrir hjá Moschino og Diesel

Íslenskar fyrirsætur hafa verið að gera það gott úti í hinum stóra tískuheimi undanfarið og má þar nefna stúlkur á borð við Sif Ágústsdóttur sem sat fyrir í nýrri auglýsingaherferð tískuhússins Moschino auk Brynju Jónbjarnardóttur sem skrifaði nýverið undir samning við Next Model Agency, eina áhrifamestu umboðsskrifstofu heims.

Andrea Brabin, einn eigandi Eskimo Models, segir þetta virkilega góðan árangur hjá stúlkunum. „Sif og Matta, sem situr fyrir í nýrri Diesel herferð, sigruðu báðar í Ford-fyrirsætukeppninni á sínum tíma en Brynja er tiltölulega nýbyrjuð. Þetta er virkilega góður árangur hjá þessum stúlkum því þetta er harður bransi og oft fleiri hundruð stúlkur sem fara í prufu fyrir sama verkefnið. En þetta er þannig að eftir því sem þú vinnur meira, fyrir bæði tískublöð og fatahönnuði, þá skapar maður sér ákveðinn sess og það getur gerst mjög hratt oft á tíðum.“ Andrea segir íslensku stúlkurnar hafa bein í nefinu og sterkan persónuleika sem hún segir skipta engu minna máli en útlitið sjálft.

Aðspurð segir hún sjaldgæft að stúlkur komist á svokallaðan heimssamning hjá Next-skrifstofunni líkt og Brynja, en það þýðir að hver einasti bókari á vegum skrifstofunnar þarf að samþykkja hana. „Þeir urðu mjög hrifnir af Brynju og útsendari á vegum skrifstofunnar mun fljúga hingað til lands sérstaklega til að hitta Brynju og ræða við hana sem sýnir greinilega mikinn áhuga af þeirra hálfu. Þeir telja að hún geti náð mjög langt og að hún hafi þennan „X-faktor“.“

Sif hefur starfað sem fyrirsæta í sex ár, eða frá fjórtán ára aldri, og segir hún starfið hafa sína kosti og galla líkt og allt annað. Aðspurð segir hún það hafa verið einstakt að sitja fyrir í auglýsingaherferð Moschino því þar hafi hún fengið að vinna samhliða fagmönnum. „Þetta er stórt ítalskt tískuhús og allir sem komu að þessu voru þeir bestu í sínu fagi. Það hjálpar óneitanlega einnig ferli mínum að fá þessar myndir í möppuna mína því það hækkar mig upp á „virðingarskalanum“,“ útskýrir Sif, en hún hóf feril sinn hjá Eskimo og segist eiga fyrirtækinu margt að þakka. „Fyrirsætustarfið getur verið mjög skemmtilegt, en ég er sammála Andreu, maður verður að læra að bjargað sér til að ná langt í þessum bransa,“ segir hún.

sara@frettabladid.is











**FRÁBÆR ÁRANGUR**
Andrea Brabin, eigandi Eskimo, segist hreykin af góðum árangri íslenskra fyrirsætna undanfarið. Að neðan eru myndir af Sif Ágústsdóttur sem setið hefur fyrir hjá Moschino og á forsíðu Elle.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Atli Örvarsson** kvikmyndatónskáld er hættur með tónlistina við Karate Kid-kvikmyndina sem Will Smith framleiðir og sonur hans Jayden Smith og Jackie Chan leika aðalhlutverkin í. James Horner, maðurinn á bak við tónlistina í Avatar hefur tekið við af Atla. Þetta kemur fram á vefsíðunni imdb.com.



Fyrrverandi liðsmaður Sálarinnar situr þó ekki með hendur í skauti því samkvæmt sömu vefsíðu er Atli sagður vera að semja tónlistina við stórmyndina Eagle of Ninth sem gerist á tímum Rómaveldis. Leikstjóri er Kevin MacDonald, sá hinn sami og gerði Last King of Scotland með Forest Whitaker. Meðal helstu leikara eru **Donald Sutherland**, Billy Elliot-stjarnan Jamie Bell og Channing Tatum.



En það eru fleiri Íslendingar sem eru að takast á við stöðugar breytingar í Hollywood. Eins og Fréttablaðið greindi frá var **Karl Júlíusson**, einn fremsti leikmyndahönnuður okkar, ráðinn í kvikmyndina Waterbug sem skartaði Josh Brolin í aðalhlutverki. Í gær var hins vegar greint frá því að Universal-kvikmyndaverið væri hætt við framleiðslu á myndinni vegna ágreinings um fjármagn og handrit. - fgg



HAFNARFJARÐARKIRKJA.IS

**SÍÐASTA HJÓNANÁMKEIÐIÐ**

Vegna fjölmargra áskorana verður bætt við auka hjóna og sambúðarnámskeiði í Hafnarfjarðarkirkju **9. og 10. maí næstkomandi.**
Leiðbeinandi er sem fyrr sr.Þórhallur Heimisson.
Á námskeiðunum er nú lögð sérstök áhersla á hvernig hægt er að styrkja innviði fjölskyldunnar og samband hjóna á þeim erfiðu tímum sem ganga yfir land og þjóð.

**Skráning fer fram á thorhallur33@gmail.com.**
**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á hafnarfjardarkirkja.is**
***Athugið að takmarkaður fjöldi kemst að.***

# Gerði sjampóauglýsingu á Spáni

„Þetta er bara eitt af þessum verkefnum sem detta inn á borð hjá manni,“ segir leikstjórinn Reynir Lyngdal. Ólíkt flestum Íslendingum eyddi Reynir ekki páskunum í súkkulaðieggjaát heldur tók upp sjampóauglýsingu í höfuðborg Spánar, Madríd, sem sýna á í flestum Mið-Austurlöndum. Aðalleikararnir í auglýsingunni voru Ahmed Hassan, fyrirliði egypska landsliðsins og einn leikjahæsti landsliðsmaður heims, og Antar Yahia, aðalstjarna alsírska landsliðsins. Til gamans má geta að Alsír og Egyptaland áttu í harðri baráttu um sæti á heimsmeistaramótið í Suður-Afríku þar sem hálfgert frost ríkti í samskiptum ríkjanna meðan á þeirri rimmu stóð. Alsíringar höfðu sigur í spennuþrungnum leik og skildu Egypta eftir með sárt ennið.

Reynir segist ekki hafa hugmynd um hvernig þetta verkefni rataði í hendurnar á honum, hann hafi þó gert fótboltaauglýsingar fyrir Landsbankann og leikstjórinn býst fastlega við því að önnur hver auglýsing á næstunni eigi eftir að hafa knattspyrnukeim, svo ekki sé meira sagt. Reynir brá sér jafnframt á völlinn í Madríd og sá litla liðið Atletico Madrid etja kappi við Baskana frá Bilbao. „Þetta var ótrúleg upplifun. Maður hefur aldrei skilið þetta æði í kringum knattspyrnu en þarna fattaði maður þetta. Og orðbragðið sem menn nota er rosalegt.“ - fgg



**SJAMPÓAUGLÝSING FYRIR MIÐ-AUSTURLÖND** Reynir Lyngdal gerði sjampóauglýsingu fyrir Mið-Austurlönd með þeim Antar Yahia og Ahmed Hassan.


TIL HAMINGJU
ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN
2010
Góð uppskrift kemur þér langt. En allir góðir matreiðslumenn vita að það verður líka að nota besta fáanlega hráefni. Við hjá Heinz erum himinlifandi yfir því að Íslenska hamborgarafabrikkan ætli að bjóða upp á tómatsósuna okkar. Við óskum Hamborgarafabrikkunni meiriháttar velgengni.
HEINZ
TOMATO KETCHUP
57
ÍSLENSKA / SIA.IS / NAT 49962 04/10

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jónsi og Kings of Leon

**Jónsi** í Sigur Rós sendi nýlega frá sér plötuna Go, en hún er strax byrjuð að seljast vel úti í hinum stóra heimi – að minnsta kosti netheimi – því platan er ofarlega á vinsældalistum iTunes víða um heim. Fyrsta lagið sem almenningur fékk að heyra af plötunni, Boy Lilikoi, vekur nú athygli fyrir annað en óumdeilanlega snilld Jónsa. Hluti lagsins þykir nefnilega ótrúlega líkur sönglínu lagsins The Bucket með bandarísku rokkurunum í Kings of Leon. Óvæntir áhrifavaldar það…



### Ótrúlegar vinsældir Diktu

**Skúli Z. Gestsson** og félagar í Diktu njóta ótrúlegra vinsælda í dag en nýjasta plata hljómsveitarinnar, Get it Together, er búin að vera sú mest selda á Íslandi í samtals mánuð á árinu. Ekki nóg með það, því smellurinn Thank You hefur setið í hvorki meira né minna en fimm vikur á toppi Tónlistans, en þar spilar inn í spilun á öllum helstu útvarpsstöðvum landsins.



### Vistaskipti

**Brynjólfur Guðmundsson** er hættur sem fréttastjóri hjá DV eftir nokkurra ára vist og tekinn við sem ritstjóri Mannlífs. Mannlíf er enn í eigu Birtíngs en DV er eins og kunnugt er komið í eigu ritstjóranna Reynis Traustasonar og Jóns Trausta Reynissonar auk Lilju Skaftadóttur listaverkasala og fleiri aðila. Lítið hefur borið á Mannlífi undanfarin misseri en Brynjólfi er ætlað að auka veg þess á ný.



**- afb, pg**

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Löðrungaði tíu mánaða barn
2. Sakborningar gagnrýna fjölmiðla harðlega
3. Segjast hafa gætt varúðar þegar þeir kveiktu í dekkjum
4. Brennuvargar kveiktu í bílum og gámum
5. Braust úr fangelsi til að stela sígarettum




